



ÁRSSKÝRSLA 2010





ÁRSSKÝRSLA 2010

EFNISYFIRLIT	BLS
STJÓRN RARIK	4
INNGANGUR	5 - 7
STJÓRNSKIPURIT	8
STARFSEMIN 2010	9 - 25
Aðalfundur RARIK 2010	9
Fjármál 2010	10
Dreifikerfi - Framkvæmdir 2010	13
Ýmsar tölulegar upplýsingar	15
Hitaveitur	18
Neyðarstjórnun og viðbragðsáætlun	19
Starfsmannamál	22
RED - RARIK Orkuþróun	23
Orkusalan	24-25
ÁRSREIKNINGUR	26 - 32
SKÝRINGAR VIÐ ÁRSREIKNING	33 - 54
ENGLISH SUMMARY	55 - 56





Árni Steinar Jóhannsson
formaður



Ingibjörg Sigmundsdóttir
varaformaður



Hilmar Gunnlaugsson



Huld Aðalbjarnardóttir



Valdimar Guðmannsson

Stjórn RARIK ohf 2009-2010

Ný stjórn RARIK ohf var skipuð á aðalfundi í mars 2010.

Engin breyting varð á stjórn frá fyrra ári.

Stjórn RARIK ohf 2010-2011 skipa: Árni Steinar Jóhannsson formaður, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Hilmar Gunnlaugsson, Huld Aðalbjarnardóttir og Valdimar Guðmannsson.

Tryggvi Þór Haraldsson er forstjóri RARIK

Framkvæmdastjórnar eru:

Eypór Elíasson (*Framkvæmdasvið*), Ólafur Hilmar Sverrisson (*Fjármálasvið*), Pétur Einir Þórðarson (*Tæknisvið*) og Örlygur Jónasson (*Rekstrarsvið*)

Framkvæmdastjórnar dótturfyrirtækja:

Magnús Kristjánsson (*Orkusalan ehf*)

Steinar Friðgeirsson (*RARIK Orkuþróun ehf - RED*)



FRÁ STJÓRNARFORMANNI OG FORSTJÓRA



Tryggvi Þór Haraldsson
forstjóri RARIK



Árni Steinar Jóhannsson,
formaður stjórnar RARIK

Árið 2010 var RARIK samstæðunni hagfelld og áætlanir gengu nær undantekningalaust eftir. Á því eru þær jákvæðu undantekningar að tekjur af heimtaugum RARIK voru meiri en gert var ráð fyrir og gengi krónunnar styrktist mun meira en gert var ráð fyrir í upphafi ársins. Árið einkenndist af áframhaldandi niðurskurði fjárfestingaverkefna og aðhaldi í rekstri sem lagður var grunnur að strax í ársbyrjun 2009, eftir gengisfall krónunnar og fjármálakreppu í árslok 2008.

Þær metnaðarfullu rekstraráætlanir sem samþykktar voru í ársbyrjun gerðu ráð fyrir að almennur rekstrarkostnaður héldist sá sami í krónum talið og undanfarin tvö ár og áformuðum fjárfestingarverkefnum yrði frestað til að draga úr fjármagnspörf og vaxtakostnaði.

Annað árið í röð tóku starfsmenn á sig skerðingar á tekjum sínum til að ná þessum markmiðum. Allar áætlanir gengu í meginatriðum eftir, en umtalsverður munur varð á niðurstöðu fjármagnsliða frá áætlunum. Þannig var sveifla á fjármagnsliðum jákvæð um 1.860 milljónir á milli ára og fjármagnsliðir ársins jákvæðir þrátt fyrir tæplega 16 milljarða vaxtaberandi skuldir.

Endurfjármögnun sem gert hafði verið ráð fyrir á árinu gekk vel, en farið var í útgáfu skuldabréfa á innlendum markaði fyrir alls 5 milljarða. Kjörin voru ásættanleg og hafa farið batnandi og sala skuldabréfa gekk mjög vel. Með þessu hefur fyrirtækið lokið fjármögnun vegna allra hefðbundinna fjárfestingaverkefna til næstu fimm ára. Rekstur samstæðunnar og öll helstu verkefni ársins gengu vel og voru í samræmi við áætlanir.

AFKOMA ÁRSINS

Rekstrarhagnaður ársins 2010 (EBIT) var 1.787 milljónir króna sem er sambærileg niðurstaða og á árinu 2009, en umtalsvert betri en árin 2007 og 2008. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var á árinu 31,5% sem hlutfall af veltu, eða 3.054 milljónir króna og hækkaði um 7% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður á árinu 2.518 milljónir króna og handbært fé frá rekstri 2.067 milljónir króna. Betri afkoma skýrist af aðhaldi í rekstri ásamt því að gjaldskrá var hækkuð.

RARIK hækkaði gjaldskrá í dreifingu um 10% í byrjun ársins. Þrátt fyrir hækkunina fullnýtir RARIK ekki tekjuheimildir sínar samkvæmt ákvæðum raforkulaga, en sérstaklega á það við um gjaldskrá í dreifbýli. Gjaldskrár hitaveitna RARIK voru einnig hækkaðar um 10% frá 1. apríl. Þá hækkaði Orkusalan verð á rafmagni um 4,4% þann 1. janúar og um 8,3% þann 1. júlí og eru þessar hækkunar þær sömu og hækkunar Landsvirkjunar á heildsöluverði til Orkusöluinnar. Rekstrartekjur hækkuðu um rúm 11% frá árinu 2009 og rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum hækkuðu um rúm 13%.

Framlengdir voru samningar við starfsmenn um tekjuskurðingu og styttingu vinnutíma, en einnig var haldið áfram með niðurskurð aðkeyptrar þjónustu og annars rekstrarkostnaðar. Þess má geta að á föstu verðlagi var rekstrarkostnaður ársins 15% lægri en hann var árið 2007.

Fjármagnsgjöld á árinu 2010 voru jákvæð um 56 milljónir króna sem má að stórum hluta rekja til styrkingar krónunnar, bæði hvað varðar erlenda lánasamninga og afleiðusamninga, en einnig vegna lágra vaxta á erlendum lánum. Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir RARIK í árslok 37.032 milljónir króna, heildarskuldir námu 18.718 milljónum króna, eigið fé var 18.314 milljónir króna og eiginfjárlutfall því 49,5%.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Í upphafi ársins tók RARIK við rekstri rafdreifikerfisins á Húsavík, en samið var um kaup á því af Orkuveitu Húsavíkur á árinu 2009. Yfirfærslan og rekstur kerfisins á Húsavík gekk vel á árinu. Töluverðar framkvæmdir voru á árinu í uppbyggingu og endurnýjun rafdreifikerfis RARIK, þótt þær væru minni en á árinu 2009 og umtalsvert minni en mörg ár þar á undan. Nokkru færri umsóknir bárust um nýjar heimtaugar, sérstaklega í þéttbýli, en heldur fleiri heimtaugar voru tengdar í dreifbýli en gert hafði verið ráð fyrir, einkum vegna sívaxandi frístundabyggðar á Suður- og Vesturlandi.

Annað árið í röð var niðurskurður í nýfjárfestingum. Um tveir þriðju þess fjármagns sem veitt var í nýlagnir,

endurnýjun og styrkingu dreifkerfisins fór til verkefna í dreifbýli, en alls var varið 1.175 milljónum í þessu verkefni. Eins og undanfarin ár var öll endurnýjun línukerfisins í formi jarðstrengja og voru lagðir 113 km á árinu og tengdar 434 nýjar heimtaugar, þar af 368 í dreifbýli. Árin þar á undan voru lagðir milli 250 og 300 km af jarðstrengjum á ári og tengdar allt að 1000 heimtaugar. Hlutfall jarðstrengja í raforkudreifkerfi í strjálbýli fer vaxandi og er nú komið yfir 40%.

Stærstu verkefnið í dreifkerfinu tengdust Siglufirði, en á árinu var unnið að framkvæmdum við lögn 33kV stofnstrengs frá Ólafsfirði til Siglufjarðar í gegnum Héðinsfjarðargöng og samhliða lokið við byggingu nýrrar aðveitustöðvar á Siglufirði. Siglufjörður hefur á undanförunum árum verið tengdur við landsnetið um ótrygga línu frá Ólafsfirði um Lágheiði til Skeiðsfossvirkjunar og þaðan með línu yfir Siglufjarðarskarð. Lagður var 11kV jarðstrengur sömu leið fyrir lýsingu í göngin og sem varastrengur milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Með þessari tengingu hefur öryggi í raforkuafhengingu stóraukist á Siglufirði.

Ákveðið var á vormánuðum að ráðast í borun vinnsluholu í Skarðdal í Siglufirði, eftir að í ljós kom að jarðhitasvæðið í Skútudal gefur minna en áður og ljóst að það annar ekki notkun á Siglufirði, þrátt fyrir að ekki hafi orðið aukning á notkun sem neinu nemur. Borunin tókst mjög vel og gefur 73°C heitt vatn í það miklu magni að talið er að það fullnægi þörf á Siglufirði næstu áratugi.

Auk framangreindra verkefna var unnið að fjölmörgum smærri verkefnum við lagfæringar og endurnýjun

dreifkerfisins, auk viðbóta vegna nýrra viðskiptavina. Truflanir í dreifkerfum RARIK voru með minna móti á árinu og tjón óverulegt, en ljóst er að aukin strengvæðing línukerfisins er þar farin að hafa veruleg áhrif.

Virkjuð var á árinu neyðarstjórnun vegna eldgoss í Eyjafjallajökli. Dreifikerfið sem undirbúið hafði verið fyrir flóð sem því fylgdi stóðst áraunina og urðu engar truflanir á raforkuafhengingu vegna gossins. Þær aðgerðir sem fyrirtækið hefur farið í á undanförunum árum við forvarnir vegna náttúruhamfara, ekki síst á Suðurlandi hafa greinilega skilað sér. Ekki urðu neinar truflanir á raforkukerfinu vegna eldgossins í Eyjafjallajökli í ár og engar alvarlegar truflanir urðu heldur vegna jarðskjálfta á Suðurlandi sem riðu yfir í júní 2000 og í maí 2008.

Ástæða er til að þakka starfsmönnum fyrir þann stuðning sem þeir sýndu fyrirtækinu og góðan árangur í rekstri þess á árinu. Starfsmenn RARIK voru 190 í árslok og starfsmenn dótturfélaga 14, eða alls 204 hjá samstæðunni, en voru 210 árið áður.

DÓTTURFÉLÖG

Í samstæðu RARIK eru nú 3 dótturfélög, Orkusalan ehf., RARIK Orkuþróun ehf. (RED) og Ljós- og gagnaleiðari ehf. (LoG).

Rekstur Orkusölunnar á sínu fjórða starfsári gekk vel og betur en áætlanir gerðu ráð fyrir, en hagnaður í árslok var 319 m.kr. Fyrirtækið er í 100 % eigu RARIK og starfar á samkeppnismarkaði. Orkusalan er með um þriðjungs markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði og er næst stærst á markaðnum. Í ársbyrjun tók fyrirtækið yfir þann hluta starfsemi Orkuveitu Húsavíkur sem snýr að raforkusölu. Aukning var í raforkusölu á árinu og jafnframt í eigin framleiðslu, en fyrirtækið á og rekur 5 virkjanir víða um land. Orkusalan tók í árslok við undirbúningsrannsóknnum vegna Hólmsárvirkjunar af RARIK Orkuþróun. Almennt gekk reksturinn vel á árinu og engar stórvægilegar truflanir. Starfsmenn Orkusölunnar voru 13 í árslok.

Rekstur RARIK Orkuþróunar (RED) á þriðja starfsári sínu var í samræmi við áætlanir, en RED heldur utan um ráðgjafa- og þróunarverkefni RARIK hér heima og erlendis. Stærsta verkefni ársins tengdist undirbúningsrannsóknnum vegna Hólmsárvirkjunar, en það verkefni var selt yfir í Orkusöluna í árslok. Rannsóknarleyfi fékkst fyrir Sjávarorku ehf. vegna sjávarfallavirkjunar í Hvammsfirði á Breiðafirði og á vegum Sunnlenskrar orku ehf var sótt um rannsóknarleyfi vegna virkjana í Ölfusdal. Hjá Bláfall Energi AS í Noregi var keypt virkjun og í Tyrklandi var unnið að undirbúningi rannsókna á jarðhitasvæðinu við Salihli í vestur Tyrklandi. Hjá RED er einn starfsmaður.

RARIK stofnaði dótturfélagið Ljós- og gagnaleiðari ehf. á árinu 2009 til að halda utan um ljósleiðara eignir samstæðunnar og fékk fyrirtækið fjarskiptaleyfi sama ár. Félagið leigir út ljósleiðara sem það á í Örfum, en að öðru leyti er ekki um eiginlegan rekstur að ræða. Enginn starfsmaður er hjá fyrirtækinu.





VAXANDI MUNUR Á MILLI RAFORKUVERÐS Í ÞÉTTBÝLI OG DREIFBÝLI.

RARIK hefur á síðustu tveimur árum hækkað gjaldskrá sína umtalsvert til að styrkja rekstur og fjárhag félagsins, en nýtir sér þó ekki að fullu þær heimildir til hækkunar gjaldskrár sem það hefur skv. lögum, sérstaklega ekki í dreifbýlinu þar sem raforkukostnaður heimila hæstur. Jafnframt var skorið niður í rekstri og nauðsynlegum framkvæmdum frestað. Fjármagn sem veitt er af fjárlögum til verðjöfnunar á raforkukostnaði í dreifbýli hefur einungis hækkað um 6% frá árinu 2005, en vegna aukins orkuflæðis lækkað á hverja kWst, úr 63 auru á árinu 2005 í 55 auru í ár. Á sama tíma hafa skattar á raforku verið auknir. Þetta veldur auknum mun á raforkuverði milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Dreifikerfi RARIK í dreifbýli landsins er umfangsmikið. Það var upphaflega að mestu leyti byggt upp með sérstöku framlagi úr ríkissjóði, en endurnýjun kerfisins sem nú er unnið að, ásamt allri viðbót, er alfarið fjármagnað út úr rekstri RARIK og er því endurbyggt af viðskiptavinum á veitusvæði þess.

Rafdreifikerfi RARIK er alls um 8.000 km að lengd, eða rúmlega 9 sinnum stærra en rafdreifikerfi Orkuveitu Reykjavíkur sem er með næst stærsta rafdreifikerfið hér á landi. Orkumagnið er heldur minna í kerfi RARIK, kerfið dreifðara og viðskiptavinir færri. Ekki er hægt að ætlast til að tilkostnaður eða dreifigjaldskrá séu sambærileg við svo mismunandi aðstæður. Það sama á við þegar borið er saman umfang og orkumagn milli þéttbýlis og dreifbýlis hjá RARIK og því eðlilegt að munur sé á gjaldskrár þéttbýlis og dreifbýlis, áður en kemur til verðjöfnunar.

Við setningu rafkulaga 2003 var dreifiveitum með umfangsmikið dreifbýliskerfi, eins og RARIK, heimilað að skipta gjaldskrár sínum upp milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þetta var gert þar sem öllum er ljóst að tilkostnaður er gjörólíkur og eðlilegt að gjaldskrár endurspegli það. Jafnframt var áformað að verðjafna þarna á milli, að hluta eða öllu leyti, með sérstöku framlagi úr ríkissjóði.


Sett voru takmörk á heimildir til verðjöfnunar þannig að aldrei skyldi verðjafna dreifbýlisgjaldskrá meira en að þeirri þéttbýlisgjaldskrá sem dýrustu er á hverjum tíma. Þegar lögin tóku gildi í ársbyrjun 2005 var framlag á fjárlögum til þessarar verðjöfnunar 230 milljónir, sem dugði þó ekki til að jafna alveg að dýrustu þéttbýlisgjaldskrá. Staðan er núna sú að veitt er 245 milljónum á ári til þessarar verðjöfnunar, sem er um fjórðungur þess sem þyrfti til að verðjafna alveg. Nú þegar hafa verið lagðir á orkuskattar og er ekki óeðlilegt að hluti þess sem þar er innheimt sé lagt í verðjöfnun á raforkuverði milli dreifbýlis og þéttbýlis, en til að verðjafna alveg þar á milli þyrfti í dag um 1 milljarð á ári.

REKSTRARUMHVERFI ORKUFYRIRTÆKJA

Vinna við endurskoðun raforkulaga hefur nú verið í gangi í nokkurn tíma og frumvarp komið fram, en afgreiðslu hefur ítrekað verið frestað. Mikilvægt er að gætt verði að því við endurskoðunina að rekstrarumhverfi orkufyrirtækjanna verði tryggt til að þau geti sinnt hlutverki sínu og starfað við eðlilega arðsemi.

Enn er beðið eftir því að vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar ljúki og er óskandi að ekki verði meiri töf á því en orðið er. Vonast er til að með henni náist sátt um hvaða virkjanakosti skuli vernda og hvaða kosti skuli virkja. Það mun auðvelda orkufyrirtækjum allan undirbúning að virkjanaframkvæmdum og spara verulegar upphæðir við rannsóknir á virkjanakostum sem ekki stendur til að heimila.

Ánni Steinar Þorsteinsson
Ágúst Haraldsson





AÐALFUNDUR RARIK 2010

Aðalfundur RARIK var haldinn 26. mars í húsakynnum fyrirtækisins í Reykjavík. Í ávarpi Árna Steinars Jóhannssonar formanns stjórnar RARIK kom fram að liðið starfsár hafi verið fyrirtækinu erfitt vegna mikils fjármagnskostnaðar og að gripið hafi verið til róttækra aðgerða til að bregðast við yfirvofandi gjaldfellingu lána eða vaxtaálagi vegna ákvæða í lánasamningum við erlenda lánadrottna. Einnig kom fram að hefja þyrfti umræðu um nýtt fyrirkomulag niðurgreiðslna til jöfnunar á raforkukostnaði.

Í máli Tryggva Þórs Haraldssonar forstjóra kom m.a. fram að rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK samstæðunnar fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2009 var 1.731 milljón króna sem er betra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrarafkoman var mun betri en 2008 sem að stórum hluta má rekja til hækkunar gjaldskrár og hagkvæmrar eigin raforkuframleiðslu en einnig þeirra aðgerða sem ráðist var í til að lækka rekstrarkostnað og fólust m.a. í niðurskurði aðkeyptar þjónustu og annars rekstrarkostnaðar, samningum við starfsmenn um tekjuskerðingu og styttingu vinnutíma.

Þórhallur Arason kvaddi sér hljóðs og bar fundinum kveðju Steingríms J. Sigfússonar, fjármálaráðherra, sem ekki gat mætt á fundinn en hann var staddur erlendis.

Stjórn RARIK ohf 2010-2011 skipa: Árni Steinar Jóhannsson formaður, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Hilmar Gunnlaugsson, Huld Aðalbjarnardóttir og Valdimar Guðmannsson.

FERÐ STJÓRNAR 2010

Stjórn RARIK fór í sína árlegu heimsókn á veitusvæði RARIK dagana 26.-28. ágúst. Í þessari ferð heimsótti stjórnin Norðurland vestra og átti fundi með starfsmönnum og sveitarstjórnarmönnum að venju.

Fyrri daginn var fundur á Sauðárkróki með sveitarstjórnnum í Skagafirði og starfsstöð RARIK á Sauðárkróki heimsótt. Síðar sama dag var fundur á Blönduósi með sveitarstjórnnum Skagastrandar, Vestur- og Austur Húnavatnssýslum og í kjölfarið var starfsstöð RARIK á Blönduósi heimsótt.

Seinni daginn var fundur á Siglufirði með sveitarstjórn og starfsstöðin skoðuð. Að því loknu voru framkvæmdir á Siglufirði skoðaðar, ný aðveitustöð, spennistöðvar í Héðinsfjarðargöngum og borun eftir heitu vatni í Skarðdal, sem þá var nýhafin.

Miklar og gagnlegar umræður urðu á öllum fundunum og eru fundirnir, bæði með sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum á svæðum, mikilvægur þáttur í því að kynnast sjónarmiðum íbúa á veitusvæðunum, ásamt því að ræða stöðu fyrirtækisins og umhverfi þess.



FJÁRMÁL RARIK


Í fjárhagslegu tilliti var árið 2010 að mörgu leyti hagstætt fyrir RARIK. Meginmarkmið ársins voru að festa í sessi þann rekstrarlega árangur sem náðst hafði á árinu 2009 og tryggja fjárhagslega stöðu fyrirtækisins til framtíðar. Niðurstaða ársreiknings 2010 sýnir að þessi tvö meginmarkmið hafa verið uppfyllt. Þróun annarra þátta á árinu, svo sem gengisþróun, gerir það að verkum að niðurstaða ársins er mun betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

REKSTUR 2010

Rekstrarhagnaður ársins 2010 (EBIT) var 1.787 milljónir króna sem er sambærileg niðurstaða og árið 2009. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var á árinu 31,5% sem hlutfall af veltu eða 3.054 milljónir króna.

Þetta er svipuð niðurstaða og árið 2009 en umtalsvert betri árangur en árin 2007 og 2008. Ástæður þessa eru að aðhaldi var beitt á öllum sviðum rekstrarins ásamt því að gjaldskrá var hækkuð en RARIK hækkaði gjaldskrá fyrir dreifingu um 10% í byrjun ársins. Þá hækkuðu gjaldskrár hitaveitna RARIK einnig um 10% frá 1. apríl.

SKIPTING EIGNA 2010



Þrátt fyrir hækkun dreifingar hefur RARIK ekki fullnýtt tekjuheimildir sínar samkvæmt ákvæðum raforkulaga. Á það sérstaklega við um dreifbýlisgjaldskrá. Þá hækkaði Orkusalan verð á rafmagni um 4,4% þann 1. janúar og um 8,3% þann 1. júlí og eru þessar hækkanir hinar sömu og hækkanir Landsvirkjunar á heildsöluverði til Orkusölnunnar.

Rekstrartekjur ársins voru 9.694 milljónir króna sem er hækkun um 11% frá árinu áður. Rekstrargjöldin voru 7.907 milljónir króna sem er hækkun um rúm 13% frá fyrra ári. Ef skoðuð eru rekstrargjöld árána 2007-2010 á föstu verðlagi kemur í ljós að rekstrarkostnaður RARIK er um 15% lægri 2010 en hann var árið 2007.


Mikil umskipti urðu í þróun fjármagnsliða á árinu 2010 einkum ef litið er til árána 2008 og 2009. Niðurstaða þeirra var jákvæð um 56 milljónir króna þrátt fyrir að vaxtaberandi skuldir hafi verið 15.712 milljónir króna í árslok.

Þetta skýrist einkum af því að áhrif gengisbreytinga voru jákvæð um 833 milljónir króna auk þess sem erlend-ir vextir voru lágir á árinu. Ekki hafði verið gert ráð fyrir styrkingu krónunnar í áætlunum.

Rekstrarniðurstaða fyrir áhrif hlutdeildarfélag og skatta er jákvæð sem nemur um 1.843 milljónum króna. Áhrif hlutdeildarfélagins Landsnets eru jákvæð um 802 milljónir króna. Hagnaður að teknu tilliti til tekjuskatts er 2.518 milljónir króna

RAFORKUDREIFING 2010

1006 GWh




Dreifibýli
Þéttbýli

LYKILTÖLUR

ÚR ÁRSREIKNINGI:

	ÁR	ÁR
	2009	2010
Rekstartekjur	8.703	9.694
Rekstrargjöld	6.973	7.907
Rekstrarhagnaður	1.731	1.787
Fjármunatekjur (Fjármagnsgjöld)	(1.804)	56
Áhrif hlutdeildarfélag	331	802
Hagnaður/tap fyrir skatta	257	2.646
Tekjuskattur	440	(127)
Hagnaður (Tap)	697	2.518
Eignir samtals	35.663	37.032
Eigið fé	15.982	18.314
Skuldir	19.682	18.718
Handbært fé frá rekstri	1.847	2.067
Greidd vaxtagjöld	749	842
EBITDA sem hlutfall af veltu	32,7%	31,5%
EBITDA	2.843	3.054
Vaxtaþekja	3,80	3,63
Eiginfjárlutfall	44,8%	49,5%



Heildareignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi eru 37.032 milljónir króna, skuldir í árslok eru 18.718 milljónir króna og því er eigið fé 18.314 milljónir króna og er eigin-fjárlutfallið því 49,5%. Eigið fé RARIK hækkaði um tæp 15% frá árinu 2009.

FJÁRMÖGNUN

Á árinu 2010 var endurfjármögnunarpörf talsverð hjá RARIK. Sækja þurfti ný lán að fjárhæð 5 milljarðar króna eða sem nam um 30% af vaxtaberandi skuldum í ársbyrjun. Þó meiri ró ríkti á fjármálamarkaði en árið 2009 var ljóst að erlend fjármögnun var ekki möguleg. Endurfjármögnunin var unnin í nánú samstarfi og með stuðningi viðskiptabanka fyrirtækisins. Vaxtakjör sem buðust á skuldabréfamarkaði voru nokkuð hærri á fyrsta ársfjórðungi en talið var ásættanlegt og var ákveðið að fresta fyrirhuguðu skuldabréfaútbóði um nokkrar vikur.

Sú bið skilaði árangri þar sem ávöxtunarkrafa lækkaði og í júní voru boðnir út 3 milljarðar og síðan 2 milljarðar til viðbótar í september. Eftir þessi skuldabréfaútbóð er hlutfall skammtímaskulda um 15% af skuldum félagsins í árslok 2010 en þetta hlutfall var um 36% í árslok 2009. Hlutfall erlendra lána lækkaði nokkuð á árinu og var í árslok 25% af skuldum en árið áður var þetta hlutfall tæp 32%.

HORFUR Í REKSTRI ÁRIÐ 2011

Rekstrarhorfur RARIK á árinu 2011 eru góðar, en afkoman á næstu tímabilum ræðst hins vegar af almennri þróun efnahagsmála, verðlagsþróun og gengi krónunnar. Í rekstraráætlun ársins 2011 er gert ráð fyrir hagnaði af rekstri félagsins. Áætlanir fyrir árið 2011 gera ráð fyrir að orkusala og dreifing aukist lítillega, sem er í samræmi við þróun síðustu ára.





DREIFIKERFI

Töluverðar framkvæmdir voru í uppbyggingu og endurnýjun dreifikerfisins í dreifbýli og þéttbýli. Nokkru færri umsóknir bárust um nýjar heimtaugar en undanfarin ár, sérstaklega í þéttbýli, en megnið af heimtaugaumsóknum var í dreifbýlinu, aðallega í frístundahús á Suður- og Vesturlandi. Alls var varið rúmum 1.175 Mkr. til fjárfestinga í dreifikerfunum bæði í endurnýjun og

nýlögnum, þar af 2/3 í dreifbýli. Þetta er að magni til töluvert minna en fyrir efnahagshrunið, en vegna verðlags- hækkana svipuð upphæð og undanfarin ár.

FRAMKVÆMDIR Í STRJÁLBÝLI:

Á árinu var eins og áður unnið að endurnýjun háspennudreifikerfis með því að leggja jarðstrengi í stað loftlína. Samfara endurnýjun loftlína eru spennistöðvar endurnýjaðar og settar upp 3ja fasa stöðvar þannig að stöðugt fleiri viðskiptavinir eiga kost á að fá 3ja fasa tengingu. Nú er svo komið að um 40% af háspennudreifikerfi í strjálbýli eru jarðstrengir sem hefur mjög aukið rekstraröryggið og hefur fyrirvaralausum truflunum af völdum veðurs og áflugs fugla fækkað verulega. Hér verður aðeins getið um helstu framkvæmdir ársins.

Á Vesturlandi voru lagðir um 24 km af háspennustrengjum og um 35 km á Norðurlandi. Á Austurlandi voru lagðir um 6 km af strengjum, aðallega í Fljótsdal í samvinnu við Fljótsdalshrepp og er síðasti áfangi í sveitarfélaginu til að koma 3ja fasa rafmagni á alla bæi. Háspennustrengslagnir á Suðurlandi námu um 48 km. Hér er um að ræða 11 kV strengi bæði vegna endurnýjunar og nýlagna.

Af öðrum framkvæmdum má nefna að settur var millispennir á eins vírs línukerfi á Borg á Mýrum ásamt strenglögnum að Jarðlangsstöðum sem var liður í að minnka jarðstrauma í kerfinu. Á næstu tveimur til þremur árum verður lögð áhersla á að koma öllum eins vírs línunum á milli-

ORKUFLÆÐI Í DREIFIKERFI RARIK 2010

Innmötun	GWh	GWh
Landsnet		945
- þar af ótryggð orka	143	
Virkjanir og varmaafli		175
- þar af virkjanir RARIK	60	
- orkuflæði frá virkjunum inn á flutningskerfi		-52
Samtals innmötun til dreifingar		1.068
Úttekt	GWh	GWh
RARIK		1.006
Dreifikerfi	1.006	
Stofnkerfi	0	
Töp í dreifikerfi		63
Samtals úttekt		1.068

spenna eða leggja jarðstrengi til að minnka jarðstrauma og gera kerfið öruggara.

Hafinn var undirbúningur að því að koma fyrir 66/11 kV spennni á Vatnshömrum og skipta út 11 kV rofabúnaði þar sem núverandi spennir er orðinn fullnýttur. Á Norðurlandi var áfram unnið við endurnýjun dreifilína norðan Akureyrar og er nú svo komið að svæðið norðvestan Akureyrar er að mestu orðið strengvætt sem hefur í för með sér stóraukið rekstraröryggi.

Með tilkomu Héðinsfjarðarganga opnaðist möguleiki á nýrri og öflugri raforkutengingu til Siglufjarðar með

TENGDA VIRKJANIR Í ÁRSLOK 2010

Virkjun tengd dreifikerfi RARIK	Afl (kW)	Tengiár
Bjarnarflag	2.500	Fyrir 1980
Fjarðarselsvirkjun	160	Fyrir 1980
Garðsárvirkjun	174	Fyrir 1980
Grímsárvirkjun	2.800	Fyrir 1980
Laxárvatnsvirkjun	480	Fyrir 1980
Rjúkandavirkjun	840	Fyrir 1980
Skeiðsfossvirkjun I	3.200	Fyrir 1980
Skeiðsfossvirkjun II	1.600	Fyrir 1980
Smyrlabjargarárvirkjun	1.000	Fyrir 1980
Sleitustaðavirkjun	218	1985
Koltunguvirkjun (Þorvaldseyri)	17	2001
Rollulækjavirkjun (Króksmenn)	55	2001
Beinárvirkjun (Hótel Geysir)	65	2003
Kerahnjúkavirkjun	370	2003
Sandárvirkjun IV	245	2003
Kiðárvirkjun I	150	2004
Kiðárvirkjun II	400	2004
Stuttárvirkjun	13	2004
Árteigsvirkjun 4	500	2005
Múlavirkjun	3.100	2005
Sandárvirkjun V	456	2005
Lindavirkjun	638	2006
Systragilsvirkjun	108	2006
Ljósárvirkjun	980	2007
Selárvirkjun	170	2007
Bjólfsvirkjun	6.400	2008
Gúlsvirkjun	3.400	2009
Árteigsvirkjun 5	715	2009
Samtals	30.754	

Stærstu virkjanir landsins eru tengdar Landsneti, en fjöldi einkavirkjana og smærri virkjanir RARIK og Orkusölunnar eru tengdar dreifikerfi RARIK beint.




jarðstreng frá Ólafsfirði. Eina tenging Siglufjarðar við landskerfið var með línu um Lágheiði til Skeiðsfoss og þaðan yfir Siglufjarðarskarð að gamalli aðveitustöð ofarlega í bænum.

Með nýjum 33 kV streng um Héðinsfjarðargöng eru því nú tvær meginflutningsleiðir að Siglufirði. Einnig er varaleið til staðar um annan streng sem liggur um Héðinsfjarðargöng. Sá strengur er á 11 kV spennu og sér göngunum fyrir rafmagni. Þannig er því möguleiki að flytja rafmagn til Siglufjarðar eftir þremur leiðum sem eru óháðar hver annari, í stað einnar tengingar áður. Því er ekki lengur talin þörf á rekstri díselvéla á Siglufirði.

Ljóst er að með þessum framkvæmdum hefur öryggi í raforkuafhendingu til Siglufjarðar stóruaust.

Hafinn var undirbúningur að endurnýjun á 33 kV línu frá Kópaskeri að Raufarhöfn og aðveitustöðvar á Raufarhöfn. Í aðveitustöð að Eyvindará var komið fyrir spennni (33/11 kV) til að tengja framleiðslu Grímsárvirkjunar beint inn á 11 kV í stöðinni. Með þessari breytingu getur Grímsárvirkjun verið varaafll fyrir Egilsstaði og nágrenni í ef flutningskerfi Landsnets bregst. Lögð var háspennulögn að nýrri einkavirkjun í Rangá á Fljótsdalshéraði. Í Berufirði var síðasti hluti 33 kV línu frá aðveitustöðinni á Teigarhorni að landtaki sæstrengs yfir Berufjörð lögð í jörðu og tengibúnaður fyrir sæstrenginn endurnýjaður.



LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI RARIK 2010

Lykill	Eining	Tími	2009	2010
Íbúar á orkuveitusvæði rafmagns	fjöldi	í árslok	50.305	51.604
Orkudreifing rafmagns alls:	GWh	yfir árið	988	1.006
- þar af í þéttbýli	GWh	yfir árið	583	597
- þar af í dreifbýli	GWh	yfir árið	404	409
- þar af í stofnkerfi	GWh	yfir árið	2	0
Raforkuvinnsla í eigin orkuverum	GWh	yfir árið	255	61
Afl inn á dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	184	183
- Afl dreiftapa rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	17	16
- Afl afhent út af dreifikerfi rafmagns (samlagað)	MW	yfir árið	167	167
Meðalverð rafmagnsdreifingar (sala undanskilin) ¹⁾	kr/kWh	yfir árið	4,41	5,05
- þar af þéttbýli	kr/kWh	yfir árið	3,52	4,05
- þar af dreifbýli	kr/kWh	yfir árið	5,71	6,51
Rafmagn - veitur/mælar	fjöldi	í árslok	40.018	40.794
Heimtaugar, rafmagn (tengdar)	fjöldi	í árslok	24.601	26.022
Lágspennt dreifikerfi rafmagns ²⁾	km	í árslok	3.070	3.230
- þar af heimtaugar	km	í árslok	2.041	2.140
- þar af lágspennustrengir, aðrir en heimtaugar	km	í árslok	1.029	1.090
Aðveitustöðvar	fjöldi	í árslok	53	53
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafi	MVA	í árslok	508	514
Dreifistöðvar	fjöldi	í árslok	5.220	5.327
Uppsett spennaafi í dreifistöðvum	MVA	í árslok	564	588
Háspennt dreifikerfi samtals ²⁾	km	í árslok	8.187	8.348
- þar af 66 kV jarðstrengir	km	í árslok	3	3
- þar af 33 kV jarðstrengir	km	í árslok	147	159
- þar af 6-22 kV jarðstrengir	km	í árslok	2.991	3.250
- þar af 33 kV loftlínur	km	í árslok	240	210
- þar af 6-22 kV loftlínur	km	í árslok	4.791	4.711
- þar af sæstrengir	km	í árslok	15	15
Fyrirvaralausar truflanir alls:	fjöldi	yfir árið	594	574
- þar af í háspennu dreifikerfi	fjöldi	yfir árið	346	345
- þar af í lágspennukerfi	fjöldi	yfir árið	248	226
- þar af í raforkuveri ³⁾	fjöldi	yfir árið	0	3
Götuskápar	fjöldi	í árslok	9.283	9.472
Orkunotkun í götulýsingu	MWh	í árslok	8.834	9.017
Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu ⁴⁾	fjöldi	í árslok	4.723	4.608
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksafkastageta	MW	í árslok	31	31
Framleiðsla á heitu vatni, hámarksálag, án jaðarveitna	MW	yfir árið	23	23
Magnsala á heitu vatni samtals:	þús. m ³	yfir árið	2.269	2.345
- þar af í R/O veitum	þús. m ³	yfir árið	731	747
Meðalverð á heitu vatni ⁵⁾	kr/m ³	yfir árið	171	182
Heitt vatn - veitur/mælar	fjöldi	í árslok	1.935	1.936
Fastir starfsmenn hjá RARIK samstæðu í árslok	fjöldi	í árslok	210	204
- þar af Orkusalan ehf	fjöldi	í árslok	14	13
- þar af RARIK orkuþróun ehf	fjöldi	í árslok	1	1


Skýringar:

1. Meðalverð rafmagns er einungis fyrir dreifingu og flutning rafmagns. Fastagjald er innifalið í meðalverði. Verðið er án vsk. Söluverð (t.d. Orkusalan) bætist við.
2. Strengir sem komnir eru í notkun.
3. Truflanir í virkjunum Orkusölnunnar ekki meðtaldar.
4. Íbúar á orkuveitusvæði hitaveitu er samtala mannfjölda í byggðakjörnum þar sem RARIK rekur hitaveitu.
5. Meðalverð á heitu vatni er að meðtöldu fastagjaldi en án vsk.



Á Suðurlandi var unnið að endurnýjun dreifikerfis í Landeyjum og Rangárvöllum og enn fremur í Flóahreppi og er nú svo komið að allir íbúar Flóahrepps hafa aðgang að 3ja fasa rafmagni. Að öðru leyti voru framkvæmdir í strjálbýli að mestu tengdar aukningu frístundabyggðar og þá aðallega á Suður- og Vesturlandi.

**HÁSPENNT DREIFIKERFI RARIK
2010**



ÞÉTTBÝLIS- OG BYGGÐAKJARNAR

Framkvæmdir RARIK í þéttbýli voru að mestu tengdar Siglufirði þar sem farið var í umfangsmikla endurnýjun.


Aðveitustöðin gamla á Siglufirði var komin verulega til ára sinna og þarfnaðist endurnýjunar auk þess sem staðsetning hennar er afar óhentug. Því var ákveðið að byggja nýja Aðveitustöð við Norðurgötu og því þurfti að leggja nýja háspennu- og lágspennustrengi að henni. Lega strengja var ákveðin í samráði við bæjaryfirvöld og reynt var að velja hagstæðustu lagnaleið fyrir nýja stengi og sem kæmi einnig að mestum notum til endurnýjunar á eldri lögnum.

Önnur mikilvæg breyting sem átti sér stað í sumar á Siglufirði, var að dreifispenna á milli spennistöðva innanbæjar var hækkuð úr 6 kV í 11 kV og því þurfti að skipta um rafbúnað í flestum spennistöðvum. 11 kV rekstrar-spenna er sú spenna sem notuð er í langflestum innanbæjarkerfum RARIK og víðar. Töluvert jarðrask fylgdi þessum breytingum en þó var mesti kostnaðurinn við endurnýjun á dreifispennum og öðrum háspenntum rafbúnaði.

Þriðja stóra framkvæmdin var breyting úr gömlu 3x220 V kerfi í nútíma 3x400 V kerfi. Nokkuð jarðrask fylgdi þessum breytingum og þurfti víða að skipta um heimtaugar. Þessum breytingum er ekki að fullu lokið en lýkur að mestu 2012. Þó verða nokkur hús áfram á eldra spennukerfi um hríð.

Þar sem spennukerfi er nú samræmt því sem gerist annars staðar hjá RARIK verður rekstur einnig einfaldari og öruggari, auk þess að það gerir viðskiptavinum í sumum

TRUFLANAYFIRLIT 1992-2010



tilfellum auðveldara að kaupa nýjan rafbúnað. Endurnýjaður búnaður í bænum á að tryggja lægri bilanatíðni og minni rekstrarkostnað hjá RARIK.

ANNAÐ Í ÞÉTTBÝLI

Af öðrum framkvæmdum má helst nefna ýmsar lagfæringar á Húsavík, en RARIK tók við rekstri þar í ársbyrjun 2010. Í Borgarnesi var áfram unnið að endurnýjun á spennistöðvum og háspennustrengjum sem er liður í að afleggja gamla 6 kV dreifikerfið. Landsmót Ungmennafélags Íslands í Borgarnesi hafði enn fremur í för með sér nokkrar viðbætur í dreifikerfinu þar.

Þá má nefna útskipti á 19 kV rofabúnaði í dísel- og aðveitustöð við Rjúkandavirkjun í Ólafsvík, en rofabúnaður var kominn mjög til ára sinna eða frá árinu 1958.

Lítið var um aukningu í þéttbýlis- og byggðakjörnum enda er á síðustu árum víða búið að rafvæða ný byggingasvæði sem ekki eru fullbyggð og því tilbúið töluvert dreifikerfi sem ekki hefur verið nýtt enn.

TRUFLANIR Í DREIFIKERFUM:

Truflanir í dreifikerfum RARIK voru með minna móti á árinu og tjón óverulegt. Ljóst er að aukin strengvæðing línukerfisins er þar farin að hafa veruleg áhrif. Nú er svo komið að hlutfall strengja í háspennudreifikerfinu er komið í 41%.

Borun vinnsluholu á Skarðdal fyrir Hitaveitu RARIK á Siglufirði lauk þann 25. september með góðum árangri.





Með tilkomu Héðinsfjarðarganga opnaðist möguleiki á nýrri og öflugri raforkutengingu til Siglufjarðar með jarðstreng frá Ólafsfirði.



Veðurfar var nokkuð hagstætt en helstu truflanir af völdum veðurs voru í Skaftafellssýslum í nóvember og desember. Mestu truflanir sem viðskiptavinir RARIK urðu fyrir voru vegna truflana á flutningskerfi Landsnets.

Alls urðu 574 fyrirvaralausar rekstrartruflanir í dreifikerfinu á síðasta ári, þar af urðu liðlega 60% í háspennukerfinu. Fækkaði fyrirvaralausum truflunum um 9% frá fyrra ári og hafa aldrei verið færri á einu ári þá tæpu tvo áratugi sem marktæk gögn liggja fyrir um. Truflunum vegna framkvæmda og farartækja fækkaði sérstaklega mikið og skýrist fækkun milli ára að mestu vegna þess.

Áætluð orkuskerðing vegna fyrirvaralausra rekstrartruflana í kerfi RARIK var um 81 MWh á árinu 2010, um 20% minna en árið á undan og einungis 54% af meðaltali síðustu 10 ára. Eins og fyrr segir urðu ekki neinar umfangsmiklar truflanir á síðasta ári sem áttu uppruna í dreifikerfi RARIK. Í flutningskerfi Landsnets varð hins vegar ein truflun þann 7. maí sem olli umfangsmiklu straumleysi hjá notendum RARIK. Alls urðu um 71% viðskiptavina fyrirtækisins fyrir straumleysi í lengri eða skemmri tíma við þann atburð.

HITAVEITUR

Borun vinnsluholu á Skarðdal fyrir Hitaveitu RARIK á Siglufirði lauk þann 25. september með góðum árangri. Jarðhitasvæðið í Skútudal sem hefur þjónað Siglufirði undanfarna áratugi hefur gefið nokkuð eftir að undanfögnu og ekki liggur fyrir niðurstaða rannsókna á því hvað veldur. Svæðið uppfyllir ekki lengur þörfina fyrir heitt vatn á Siglufirði.

Dagana 5. – 9. ágúst 2010 voru boraðar tvær 70 metra djúpar hitastigulsholur á Skarðdal í Siglufirði með jarðbornum Hrímní. Þessi tilraunaborun gaf góða raun og var ákveðið að bora vinnsluholu á staðnum.

Jarðboranir boruðu holuna með bornum Sögu undir leiðsögn ÍSOR. Holan er 702m djúp sem eftir fyrstu prófanir virðist gefa allt að 50 lítra á sek af 73°C heitu vatni. Vinnslufóðring nær niður á 286m dýpi en áætlað er að dæla þurfi vatninu upp af 150-200 m dýpi. Frá yfirborðinu í 170 m.y.s. hæð er vatnið sjálfrennandi til Siglufjarðar. Ráðgert er að virkja holuna árið 2011 og leggja 3,2 km stofnpípu frá holunni að jöfnunargeymi hitaveitunnar á Siglufirði. Telja má fullvíst að með þessari viðbót í orkuvinnslu hitaveitunnar sé heitavatsþörf Siglufirðinga fullnægt næstu áratugi.

Á Höfn í Hornafirði voru gerðar endurbætur á rafskautakatlí í kyndistöð fjarvarmaveitunnar. Skipt var um skautakerfi í katlinum og aflgetan jókst um 1,5 MW.

Rekstur hita- og fjarvarmaveitna RARIK gekk vel á árinu og afkoma einstakra veitna var betri en áður hefur sést.

Nýir orkumælur

Áformað er að endurnýja alla hita og rafmagnsmæla á Siglufirði og á Blönduósi 2011. Settir verða upp rafeindamælur og komið á rafrænum fjarálestri mæla.

NEYÐARSTJÓRNUN OG VIÐBRAGÐS- ÁÆTLANIR

ELDGOS Í EYJAFJALLAJÖKLI

Neyðarstjórnun fyrirtækis er verkskipulag sem lýsir stjórnun fyrirtækisins í neyðartilfellum, vegna náttúruhamfara eða annarra orsaka. Neyðarstjórnun RARIK skilgreinir verkferli og verksvið starfseininga fyrirtækisins með það að markmiði að tryggja öryggi almennings, starfsmanna og raforkukerfisins þegar vá ber að höndum.

Þegar vá ber að höndum tekur til starfa neyðarstjórn fyrirtækisins sem hefur það að markmiði að styðja við almennan rekstur í vá og hafa yfirsýn með atburðarrás og stjórnun á samræmdum aðgerðum á veitusvæði RARIK. Hún kallar jafnframt út vettvangsstjórn á hverju rekstrar-svæði fyrir sig.

Neyðarstjórn skilgreinir meðal annars hugsanleg hættu- og neyðartilvik á dreifisvæði fyrirtækisins og gerir viðbragðsáætlanir við óvæntum atburðum. Slíkir atburðir eru m.a.: Jarðskjálftar, eldgos, óveður, flóð, skemmdarverk og farsóttir.

Þegar eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi laugardaginn 20. mars 2010 lá þegar fyrir viðbragðsáætlun vegna hugsanlegs eldgoss í Eyjafjallajökli og sú áætlun höfð til hliðsjónar við framvindu gossins.

Gosið á Fimmvörðuhálsi hafði engin áhrif á raforku-dreifikerfið, frekar en önnur mannvirki í byggð, og því þurfti ekki að grípa til sérstakra aðgerða vegna þess.

Miðvikudaginn 14. apríl voru neyðarstjórn RARIK og vettvangsstjórn fyrirtækisins á Suðurlandi virkjaðar vegna eldgoss í Eyjafjallajökli. Viðbragðsáætlun tekur mið

Myndirnar á síðunni eru frá eldgosi á Fimmvörðuhálsi 2010



af þeim aðstæðum sem skapast geta, við eldgos undir jöklinum.

Tilgangur viðbragðsáætlunar er að gera RARIK kleift að bregðast skjótt og skipulega við komi til eldgoss í Eyjafjallajökli.

Umfangið nær yfir aðgerðir í aðdraganda eldgoss, þann tíma sem það stendur yfir og helstu aðgerðir að eldgosi loknu.

Viðbragðsáætlunin miðast við að halda raforkudreifi-kerfinu virku eins lengi og mögulegt er með því að tryggja





Gosið í Eyjafallajökli var tilkomumikið að sjá.

nægjanlegan mannafla, varaefni og færanlegar varavélar og lágmarka þannig áhrif straumleysis ef til skemmda kemur á dreifikerfinu vegna flóða og/eða öskufalls.

Helstu þættir viðbragðsáætlunar

- Undirbúningur fyrir hugsanlegt gos
- Fyrstu aðgerðir þegar vart verður við gos
- Aðgerðir eftir að hættuástand er liðið hjá

Um leið og unnið er samkvæmt einstökum liðum viðbragðsáætlunar er einnig lagt kapp á að viðhalda skráningu aðgerða til að tryggja öryggi starfsmanna. Skráningunni er safnað saman í Atburðaskrá til að tryggja rekjanleika, og eftirfylgni, svo draga megi lærdóm af ferlinu og því sem betur má fara.

Þrátt fyrir mikil flóð samfara gosinu í toppgíg Eyjafallajökuls stóðst allt dreifikerfi RARIK á hamfarasvæðinu áraunina og ekkert straumleysi varð, þrátt fyrir að hluti dreifikerfisins liggi um mestu flóðasvæðin. Fer þar saman styrking dreifikerfisins undanfarin ár, markviss undirbúningur starfsmanna fyrirtækisins og samvinna við hagsmunaaðila og umfang flóðsins, sem reyndist mun minna en verstu spár gerðu ráð fyrir.

Flóðavarnir raflínu yfir Markarfljót stóðust álagið.



Hugsanlegt jökulhlaup er þó ekki eina hættan gagnvart dreifikerfinu sem stafar af eldgosi, það er vel þekkt að öskufall getur haft slæm áhrif á loftlínudreifikerfi raforku og orsakað yfirslátt og útleysingar með tilheyrandi rafmagnstruflunum. Slíkar truflanir geta enn fremur orðið eftir að hamförum er lokið. Brugðist er við slíkum truflunum með því að þrifa einangra á spennistöðvum og línunum, sem getur verið bæði tafsöm og erfið aðgerð.

Þekkt er einnig að eldingar geta fylgt miklum öskuskýjum. Raforkukerfið er varið fyrir eldingum með eldingavörum en þó er ekki hægt að útiloka að eldingar valdi truflun og tjóni á raforkukerfinu. Þrátt fyrir töluvert öskufall víða á Suðurlandi urðu litlar sem engar truflanir vegna þess á dreifikerfinu, þó er talið að hugsanlega megi rekja tvö tilfelli útsláttar á kerfinu til öskufalls – nokkru eftir að gosi lauk.

RARIK hefur þegar unnið og gefið út ítarlega viðbragðsáætlun vegna hugsanlegs eldgoss í Kötlu og unnið er að endanlegri útgáfu viðbragðsáætlunar vegna eldgoss í Heklu. Þá er einnig verið að kanna leiðni ösku úr fyrri eldgosum, sérstaklega frá Heklu, en mikil vandræði fylgdu Heklugosi 1981 en þá lagðist öskufleygur yfir Skagafjörð og hluta Húnavatnssýslu vegna óhagstæðra vinda.

Öskufall getur haft slæm áhrif rafbúnað.



HELSTU ÞÆTTIR VIÐBRAGÐSÁÆTLUNAR VEGNA ELDGOSS Í EYJAFJALLAJÖKLI:

UNDIRBÚNINGUR FYRIR HUGSANLEGT GOS

- ◇ Listi tekinn saman yfir efni sem þörf gæti verið á til bráðaviðgerða.
- ◇ Listi gerður yfir þá notendur á svæðinu sem síst þola straumleysi og möguleika þeirra til eigin varaafis.
- ◇ Afla upplýsinga um annað aðgengilegt varaafli – jafnt í eigu RARIK sem og annarra. Ástandsskoðun og undirbúningur eigin véla til flutnings ef þörf krefur.
- ◇ Yfirferð og úttekt á stýri- og rofabúnaði dreifikerfis og möguleikum til “eyjareksturs”¹.

FYRSTU AÐGERÐIR ÞEGAR VART VERÐUR VIÐ GOS

- ◇ Undirbúningur starfsmanna á nærsvæðum til aðgerða og útkall á verktökum til vélakeyrslu þar sem við á.
- ◇ Varavélar ræstar og eyjakerfi¹ gert virkt svo að rafmagnstruflanir á svæðinu hafi ekki áhrif út fyrir skilgreint hamfarasvæði
- ◇ Aðgerðir hefjast í dreifikerfi svæðisins og taka þær mið af mismunandi kenningum um jökulhlaup og þeim hamförum sem eru hafnar og/eða fyrirsjáanlegar.
- ◇ Mannafli ásamt búnaði af öðrum svæðum kallaður til ef þörf krefur.

AÐGERÐIR EFTIR AÐ HÆTTUÁSTAND ER LIÐIÐ HJÁ OG FLÓÐ Hafa RÉNAÐ

- ◇ Varavélar RARIK á Suðurlandi notaðar til að aðstoða þá sem eru í bráðum vanda vegna rafmagnsleysis og jafnvel útvegaðar vélar frá öðrum, þar til unnt hefur verið að sinna bráðaviðgerðum og/eða ljúka hugsanlegri enduruppbyggingu kerfisins.
- ◇ Unnið að bráðabirgðaviðgerðum eftir þörfum og lögð drög að varanlegum lausnum eftir því sem við á.
- ◇ Stærri varaafisvélar fluttar frá öðrum svæðum RARIK til að tryggja afhendingu rafmagns.
- ◇ Mannafli og búnaður fenginn frá öðrum svæðum til uppbyggingar eftir því sem þörf gerist
- ◇ Flutningur mannafla innan hamfarasvæðis fer fram í samráði við almannavarnanefnd svæðisins.

¹ Eyjakerfi, eyjarekstur: Hér er átt við að hluti raforkukerfis er rekinn sem sjálfstæð eining, einskonar eyja í stærra dreifikerfi, til að lágmarka truflanir út fyrir svæðið, í þessu tilfelli hamfarasvæði.

ÖRYGGISMÁL

Á árinu 2010 var fyrsti hluti skoðana öryggistækja RARIK framkvæmdur samkvæmt nýlegri verklagsreglu og var skoðunin framkvæmd á Vesturlandi. Farið var í aðveitustöðvar, rafstöðvar, dreifistöðvar, bækistöðvar, annað húsnæði, bifreiðar og fl. og búnaður skoðaður og metinn. Niðurstöður voru skráðar í DMM kerfi RARIK og kom fram nokkuð af athugasemdum sem komið hefur verið í úrvinnslu. Mjög gott yfirlit fékkst eftir þessa fyrstu ítarlegu skoðun og mikil og góð reynsla á það fyrirkomulag sem valið var og unnið var eftir.

Í ljósi þessarar reynslu var ákveðið að samþætta rafskoðun dreifikerfa RARIK og skoðun öryggistækja eins og frekast er unnt. Gert er ráð fyrir því að ábyrgðarmenn sinni skoðun almennra öryggistækja að undanskildum svokölluðum OT-tækjum en þau þarf að skrá og skoða, mæla og prófa með nákvæmari hætti og er það á hendi fulltrúa öryggisstjóra.

Fjögur Kastljós voru gefin út á árinu um tilvik sem upp höfðu komið og ástæða talin til að vekja sérstaka athygli starfsmanna á.

VERKLAGSREGLUR


Unnið var að hefðbundnum uppfærslum og endurnýjunum á verklagsreglum í handbók RARIK á árinu, auk þess sem að nýjar verklagsreglur voru gefnar út. Neyðarstjórn RARIK var skilgreind sérstaklega í verklagsreglum árið 2009, ásamt viðbragðsáætlun vegna hugsanlegrar farsóttar. Árið 2010 var auk þess bætt við sérstökum viðbragðsáætlunum vegna mögulegs eldgoss í Eyjafjallajökli og í Kötlum. Unnið er að gerð frekari viðbragðsáætlana, m.a. vegna Heklugosa. Kaflinn í handbók RARIK um útboð, innkaup og birgðahald var endurnýjaður og endurútgefinn í heild sinni á árinu 2010. Jafnframt var á árinu unnið að útgáfu verklagsreglna um innkaup, meðferð og spennusetningu sölumæla RARIK til samræmis við ákvæði laga og reglugerða þar að lútandi.

VINNUFUNDUR STJÓRNENDA

Árlegur vinnufundur stjórnenda RARIK var haldinn í október 2010 undir fyrirsögninni RARIK 2020. Að þessu sinni var áherslan lögð á framtíðarþróun fyrirtækisins

Ársverk	2009	2010
RARIK	199	195
Orkusalan	14,2	13,4
RED (Orkuþróun)	1,2	1,2
Samtals	214,4	209,6
Starfsmenn	2009	2010
RARIK	195	190
Orkusalan	14	13
RED (Orkuþróun)	1	1
Samtals	210	204

STARFSMENN 1995-2010



með tilliti til íbúapróunar, þjónustuviðmiða og breytinga samfara kerfisþróun til næstu 10 ára. Fundurinn var vel heppnaður og er gott innlegg í umræðu um framtíðarsýn fyrirtækisins.

STARFSMENN

Á undanförunum árum þegar aðhald og útsjónarsemi hefur einkennt rekstur RARIK sem aldrei fyrr hefur reynt til hins ítrasta á hæfni og reynslu starfsmanna. Það er því ekki úr vegi að nefna að starfsmenn fyrirtækisins búa að mikilli reynslu og hafa nærri 70 starfsmenn þess yfir 30 ára starfsaldur. Mikil reynsla hefur öðru fremur tryggt fagleg og örugg vinnubrögð viðskiptavinum fyrirtækisins til hagsbóta.

Á undanförunum árum hafa sumir starfsmenn fyrirtækisins sótt vinnu milli veitusvæða og jafnvel landshluta vegna verkefna sem þar hafa verið og þá oft í nokkurn tíma. Með slíku skipulagi hefur tekist að ljúka verkefnum á tilskyldum tíma með eigin mannskap og auk þess hefur mannaflí fyrirtækisins nýst enn betur. Aukið samstarf starfsmanna hefur enn fremur kallað fram jákvæða umræðu um verlag og mikilvægi samræmdra vinnubragða.

FÉLAGSSTARF

Félagsstarf var með hefðbundnum hætti hjá starfsfólki RARIK á árinu 2010. Golfmót voru haldin, hin hefðbundna hangikjötsskemmtun var á sínum stað, glæsileg árshátíð og önnur mannamót sem tókust vel.

RARIK ORKUÞRÓUN 2010

Árið 2010 var þriðja rekstrarár RARIK Orkuþróunar ehf., sem er dótturfélag RARIK ohf. og heldur utan um ráðgjafa- og þróunarverkefni RARIK hér heima og erlendis á samkeppnismarkaði. Erlent heiti félagsins er RARIK Energy Development Ltd. og gengur það undir nafninu RED í daglegri umfjöllun.

VERKEFNI INNANLANDS

Í ágúst árið 2009 veitti Orkustofnun Landsvirkjun og RARIK ohf. sameiginlega rannsóknarleyfi á vatnasviði Hólmsár í Skaftártungu. Á vegum RED hf. var gefin út skýrsla um frumhönnun Hólmsárvirkjunar með miðlun við Atley í desember 2010 en hún var unnin af Almennu Verkfræðistofunni. Þar er gert ráð fyrir að Hólmsá í Skaftártungu verði stífluð um 6 km neðan við Hólmsárfoss með 38 m hárrí stíflu og þannig myndað 9,3 km² uppistöðulón norðan Atleyjar. Þaðan er vatni veitt um göng í suðaustur að stöðvarhúsi neðanjarðar með frárennsli út í Flögulón. Heildarlengd rennislisganga er 7,7 km og virkjað fall 121 m.

Rennsli Hólmsár við Hólmsárfoss er vel þekkt en óvissa ríkir um rennslið á stíflustæðinu þar sem vatn Jökulkvíslar, Bláfellsár og lækja hefur bæst við rennsli Hólmsár. Samkvæmt nýjustu rennislisgögnum lítur út fyrir að hæfilegt sé að miða við virkjað rennsli jafnt og 70 m³/s. Orkugeta virkjunarinnar er þá áætluð að verði 480 GWh/ári við 65 MW aflsetningu en við stækkun upp í 70 MW eru líkur á hún geti framleitt um og yfir 500 GWh/ári.

Í Skagafirði hafa Villinganesvirkjun með 33 MW og 240 GWh/ári orkugetu og Skatastaðavirkjun með 156 MW og nær 1100 GWh/ári orkugetu báðar verið í undirbúningi á vegum Héraðsvatna ehf. ofl. sem RARIK ohf. á 50% hlut í.

Í Ölfusdal við Hveragerði er talið að unnt verði að virkja 10 MW með jarðhitavökva úr þeim borholum sem eru til staðar í dag og framleiða 82 GWh/ári.

Í Grændal norður af Hveragerði er talið að unnt sé að afla allt að 120 MW af raforku og framleiða nær 1000 GWh/ári. Þessir virkjanakostir hafa verið til athugunar hjá Sunnlenskri orku ehf. sem RED ehf. á 90% hlut í. Var sótt um rannsóknarleyfi í Grændal í september 2010 og er það mál ennþá í ferli hjá Orkustofnun.

Allar framangreindar virkjanir hafa verið til umfjöllunar í vinnu við 2. áfanga Rammaáætlunar sem hefur verið í vinnslu síðan haustið 2007 og lokaniðurstöður áttu að liggja fyrir um á árinu 2010 en hafa ekki ennþá birst.

Sjávarorka ehf. sótti um rannsóknarleyfi í Hvammsfirði á Breiðafirði vegna sjávarfallavirkjunar í september 2009 og var leyfið veitt í janúar 2010. Á árinu 2010 var unnið við athugun á samanburði á tæknilegri útfærslu og hagkvæmni við nýtingu sjávarfallastrauma í mynni Hvammsfjarðar í Breiðafirði og var hún gerð af nemanda í meistaranámi við REYST háskólann. Hafinn er undirbúningur við næstu skref í rannsóknum á svæðinu sem felast m.a. í gerð ítarlegri straummælinga.



Rannsóknarborun í undirbúningi á stíflustæði við Atley.

VERKEFNI ERLENDIS

Í Noregi á RARIK 10% eignarhluta í fyrirtæki að nafni Bláfall Energi AS sem er að undirbúa byggingu 35-40 smærri virkjana 1-8 MW á næstu árum eða samtals um 120 MW og orkugetu um 450 GWh/ári. Í júlí 2009 var fyrsta virkjunin tekin í notkun en um er að ræða 5 MW virkjun í Vestur - Noregi. Önnur virkjunin sem er komin í rekstur á vegum félagsins er um 1 MW og var hún keypt haustið 2010. Verið er að innleiða svonefnd græn skírteini í Noregi við nýtingu á endurnýjanlegum orkugjöfum til raforkuframleiðslu. Þessi aðgerð hefur í för með sér verulega hækkun á styrkjum í Noregi og mjög jákvæð áhrif á arðsemi fjárfestinga m.a. í smávirkjunum og þar með á Bláfall Energi AS. Fjárfestingaráð félagsins er þegar búið að samþykkja virkjanir með um 100 MW afli.

Í Tyrklandi er RARIK 60% eignaraðili að fyrirtæki sem stofnað var þar vorið 2008 og nefnist RARIK Turkison Enerji Ltd. eða RTE. Fyrirtækið var stofnað um verkefni aðallega á sviði jarðvarma og hefur það fengið úthlutað 5 rannsóknarleyfum í Tyrklandi. Rannsóknir hófust vorið 2009 í Salihli í V-Tyrklandi og nýlegar boranir í nágrenni svæðis RTE lofa mjög góðu. Tyrkneska þingið samþykkti ný lög í árslok 2010 um greiðslur fyrir raforku inn á netið sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og verða greidd um 8 €cent/kWh fyrir orku sem framleidd er með jarðvarma.

ORKUSALAN 2010

Orkusalan ehf er dótturfyrirtæki RARIK og megin-tilgangur þess er að annast framleiðslu og sölu á raforku. Með breytingum á raforkulögum í janúar 2005 var sala á raforku gefin frjáls, gagngert í þeim tilgangi að innleiða samkeppni í raforkusölu. Orkusalan ehf. starfar einungis á samkeppnismarkaði og er með næst mestu markaðshlutdeild í raforkusölu á almennum markaði auk þess að eiga og reka fimm virkjanir víða um land. Árið 2010 var fjórða starfsár Orkusölnnar og voru starfsmenn 13 í árslok 2010. Orkusalan er í 100% eigu RARIK ohf.

Orkusalan stefnir á og ætlar sér að vera leiðandi í því að tryggja landsmönnum öllum framúrskarandi þjónustu, samkeppnishæf verð og frelsi á raforkumarkaði.

AFKOMA ÁRSINS

Ársreikningur Orkusölnnar ehf. fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald þeirra. Hann hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, auk skýringa.

Rekstrartekjur ársins voru 3.782 miljónir króna og rekstrargjöld með afskriftum 3.065 miljónir. Rekstrarhagnaður nam því 717 mkr. EBITDA ársins 2010 er 22,6%. Hrein fjármagnsgjöld námu 321 mkr. Að teknu tilliti til fjármagnskostnaðar og skatta er hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi 319 mkr. samanborið við 83 mkr. á árinu 2009.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2010 voru heildareignir 8.668 mkr. Heildarskuldir voru 4.948 mkr. og eigið fé 3.720 mkr. Eiginfjárlutfall Orkusölnnar er 42,9%.

Á árinu voru 13,4 ársverk hjá Orkusölnni samanborið við 14,2 á árinu 2009. Á milli ára fækkaði ársverkum um

0,8 eða um 5,6%. Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 1,5% á milli ára.

FRAMLEIÐSLA OG INNKAUP

Heildarmarkaður Orkusölnnar stækkaði um tæp 2% frá fyrra ári en í áætlunum ver gert ráð fyrir stækkun markaðar Orkusölnnar á árinu 2010 til samræmis við kaup á hluta starfsemi Orkuveitu Húsavíkur.

Framleiðsla virkjana Orkusölnnar var um 4,3% yfir áætlunum á árinu 2010 sem samsvarar um 1,2% aukningu frá fyrra ári og hefur hún jafnframt aldrei verið meiri eða 258 GWst. Innkaup á raforku voru jafnframt yfir áætlunum fyrir sama tímabil. Forgangssorkumarkaður Orkusölnnar var því um 1,9% stærri en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir. Eigin framleiðsla Orkusölnnar var um 30% af forgangssorkumarkaði á árinu 2010.

Vélaspennir Smyrlabjargaárvirkjunar bilaði á árinu. Greiðlega gekk að fá varaspenni að láni og því varð framleiðslutap óverulegt. Að öðru leyti urðu engar stórvægiðlegar bilanir á árinu og litlar truflanir á rekstri.

Á árinu var lokið við viðgerð á lokum Lagarfossvirkjunar og kælikerfi fyrir eldri vél virkjunarinnar var endurbætt. Með þessum verklokum má segja að endurnýjun Lagarfossvirkjunar hafi lokið.

Undirbúningur vegna endurnýjunar og stækkunar Rjúkandavirkjunar hófst á árinu og er reiknað með að framkvæmdir vegna stækkunar virkjunarinnar verði á árinu 2012. Gert er ráð fyrir að virkjunin verði um 1,8 MW eftir stækkun.

Þá var áfram unnið að undirbúningi endurnýjunar Grímsárvirkjunar með könnun á möguleikum og kostnaði við mismunandi leiðir. Er niðurstöðu þeirrar vinnu að vænta fljótlega á árinu 2011.

Undirbúningur að stækkun Rjúkandavirkjunar hófst á árinu.





Svipmynd úr markaðsherferð Orkusölnunnar.

SÖLU- OG MARKAÐSMÁL

Markmið Orkusölnunnar í sölu og markaðsmálum á árinu 2010 var að fylgja eftir markaðsherferð Orkusölnunnar sem hrundið var af stað haustið 2009 ásamt áframhaldandi uppbyggingu á sterku viðskiptasambandi við viðskiptavinum Orkusölnunnar með aukinni þjónustu að leiðarljósi. Hefur árangur Orkusölnunnar á þessu starfi skilað sér í aukinni vitund á fyrirtækinu og í áframhaldandi fjölgun nýrra viðskiptavina.

Í byrjun árs tók Orkusalan yfir þann hluta af starfsemi Orkuveitu Húsavíkur sem snýr að raforkusölu. Farið var í kynningarátak á fyrirtækinu þar sem Orkusalan var kynnt vel fyrir nýjum viðskiptavinum. Þá voru starfsmenn frá Orkusölnunni jafnframt á Húsavík vegna breytinganna, þar sem tekið var á móti nýjum viðskiptavinum.

Samband garðyrkjubænda fóru í útboð á árinu varðandi kaup á rafmagn fyrir sína félagsmenn og völdu þeir Orkusöluna sem samstarfsaðila sinn næstu árin. Mikill metnaður liggur í því hjá Orkusölnunni að vinna stöðugt í breytingum sem auka gæði og ávinning þeirrar þjónustu sem viðskiptavinir ganga að hjá Orkusölnunni. Á árinu var áfram unnið að breytingum á þjónustuvef Orkusölnunnar með bætt aðgengi að leiðarljósi. Þá voru allir reikningar Orkusölnunnar einfaldaðir og eru nú settir fram með þægilegri og skýrari hætti en áður. Nær sú breyting til allra forma á birtingu reikninga og skiptir þá ekki hvort þeir séu á pappír, birtir á þjónustuvef eða sendir rafrænt beint til viðskiptavina. Markmið Orkusölnunnar með þessum breytingum er að ná fram hámarks hagræðingu, bæði fyrir Orkusöluna sem og viðskiptavinum fyrirtækisins, með aukinni áherslu á rafræn viðskipti.

Einn af þjónustupáttum Orkusölnunnar er að aðstoða viðskiptavinum þegar kemur að hagræðingu vegna raforku-notkunar. Til að auka enn á þann ávinning sem framúrskarandi þjónusta færir viðskiptavinum Orkusölnunnar var farið í markvissa vinnu á árinu með það að markmiði að auka þekkingu þeirra á raforkusparnaði.

YFIRTAKA Á VERKEFNI HÓLMSÁRVIRKJUNAR

Orkusalan hefur hafið undirbúning að virkjun Hólmsár, í Vestur – Skaftafellssýslu, í samstarfi við Landsvirkjun. Með samningi við RARIK orkuþróun hefur Orkusalan yfirtekið þátttöku þess í virkjun Hólmsár og jafnframt tekið yfir öll réttindi og skyldur sem því fylgir. Orkusalan er með helmings hlutdeild í verkefninu á móti Landsvirkjun. Reiknað er með að uppsett afl virkjunarinnar verði um 65 MW. Þá er gert ráð fyrir því að stærstur hluti þeirrar orku sem Orkusalan aflar frá virkjuninni fari á almennt markað.

FRAMSÆKIÐ FYRIRTÆKI

Horfur í rekstri Orkusölnunnar eru áfram góðar og er reksturinn traustur. Gert er ráð fyrir að rekstrarhagnaður (EBITDA) ársins 2011 verði 872 mkr. eða um 22% EBITDA hlutfall. Er það í samræmi við markmið stjórnar Orkusölnunnar. Áætluð afkoma Orkusölnunnar fyrir rekstrarárið 2011 er um 331 m.kr samanborið við 319 mkr. árið 2010.

Þrátt fyrir að verð á raforkumarkaði sé svipað á milli söluaðila er virk samkeppni á markaðnum. Varan er einseleit og neytendur munu ekki sætta sig við mismunandi verð. Söluhluti raforku heldur ekki í við vísitölu neysluverðs og hækkar ekki í samræmi við sérleyfisþættina. Er samkeppnin því að skila ávinningi til neytenda.

Orkusalan er leiðandi og framsækið fyrirtæki í sölu á raforku og þjónustu við raforkukaupendur. Orkusölnunni er annt um umhverfi sitt og samfélag. Orkusalan er í góðu sambandi við viðskiptavinum sína og mun halda því sambandi áfram ásamt því að sækja inn á nýja markaði með framúrskarandi þjónustu, samkeppnishæfum verðum og frelsi á raforkumarkaði.

Þar sem stöðugt er leitað leiða til hagræðingar, viðskiptavinum til hagsbóta, getur Orkusalan boðið samkeppnishæf verð án þess að ganga á þau markmið sem stjórn Orkusölnunnar hefur sett vegna reksturs fyrirtækisins. Framtíðin er því björt fyrir fyrirtækið, starfsmenn og viðskiptavinum Orkusölnunnar.

orkusalan 

Hlutverk Orkusölnunnar er að framleiða, kaupa og selja rafmagn til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um land allt. Orkusalan leggur áherslu á samkeppnishæf verð, einfalda þjónustu og jákvæða þjónustuupplifun.

Stefna Orkusölnunnar til framtíðar er að bæta lífskjör almennings með því að skapa nýja möguleika í framleiðslu og sölu á endurnýjanlegri orku. Orkusalan byggir á einfaldri þjónustu á hagstæðu verði.

Gildi Orkusölnunnar eru fagmennska, liðsandi, hugrekki og gleði.



	Bls
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	27
Áritun endurskoðanda	28
Rekstrarreikningur	29
Efnahagsreikningur	30
Eiginfjárfirlit	31
Sjóðstreymisyfirlit	32
Skýringar	33





RARIK ohf. sem stofnað var þann 1. ágúst 2006 tók yfir rekstur og eignir Rafmagnsveitna ríkisins sem stofnaðar voru árið 1947. Fyrirtækið annast dreifingu á rafmagni í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003. Orkusalan ehf., RARIK Orkuþróun ehf. og Ljós- og gagnaleiðari ehf. eru dótturfélög RARIK og alfarið í eigu þess. Orkusalan sér um framleiðslu og sölu rafmagns, RARIK Orkuþróun vinnur að uppbyggingu og þróun hvers konar orkukerfa og Ljós og gagnaleiðari annast rekstur ljósleiðara.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning RARIK ohf og dótturfyrirtækja.

Samkvæmt rekstrarreikningi eru tekjur félagsins 9.694 milljónir króna, rekstrargjöld 7.907 milljón króna og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 1.787 milljónir króna. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld eru 56 milljónir króna. Áhrif hlutdeildarfélagsins Landsnets hf. eru jákvæð um 802 milljónir króna. Hagnaður ársins 2010 að teknu tilliti til tekjuskatts er 2.518 milljónir króna.

Eignir samkvæmt efnahagsreikningi eru 37.032 milljónir króna í árslok. Eigið fé félagsins er 18.314 milljónir króna eða 49,5% af heildarfélagmagni.

Hlutfé félagsins er 5.000 milljónir króna og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2010 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2010.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samstæðuársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. mars 2011

Í stjórn RARIK ohf

Árni Steinar Jóhannsson
formaður

Ingibjörg Sigmundsdóttir

Valdimar Guðmannsson

Hilmar Gunnlaugsson

Huld Aðalbjarnardóttir

Tryggvi Þ. Haraldsson
forstjóri

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



Til stjórnar RARIK ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rarik ohf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka hvort em er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 1. mars 2011

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Sigurgeir Bóasson
endurskoðandi



	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur			
Raforkusala		3.377.672	2.983.894
Dreifing raforku		5.265.533	4.570.425
Sala á heitu vatni		426.834	388.179
Aðrar tekjur	7	624.259	760.790
		<u>9.694.298</u>	<u>8.703.288</u>
Rekstrargjöld			
Orkukaup		2.508.282	2.166.961
Rekstur veitukerfa		3.795.395	3.547.167
Annar rekstrarkostnaður	8	1.603.307	1.258.609
		<u>7.906.984</u>	<u>6.972.737</u>
Rekstrarhagnaður		<u>1.787.314</u>	<u>1.730.551</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur		161.451	41.699
Fjármagnsgjöld	(	332.588)	(1.845.902)
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga		227.411	(36)
	11	<u>56.274</u>	<u>(1.804.239)</u>
Áhrif hlutdeildarfélags	14	801.938	331.175
Hagnaður fyrir skatta		<u>2.645.526</u>	<u>257.487</u>
Tekjuskattur	12	(127.174)	439.907
Hagnaður ársins		<u>2.518.352</u>	<u>697.394</u>
Aðrar tekjur og gjöld færð á eigið fé			
Endurmat fastafjármuna		0	1.920.275
Hlutdeild í endurmati hlutdeildarfélag og tekjuskattsáhrif	(	59.092)	(95.446)
Tekjuskattur	(	126.753)	(479.457)
		<u>(185.845)</u>	<u>1.345.372</u>
Heildarhagnaður ársins		<u>2.332.507</u>	<u>2.042.766</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	21	0,50	0,14

Skýringar á bls. 34 til 54 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Rekstrarfjármunir	13	29.968.453	29.551.075
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	14	2.616.125	1.873.279
Eignarhlutir í öðrum félögum	15	189.589	269.748
Tekjuskattseign	16	988.843	1.242.771
Fastafjármunir samtals		33.763.010	32.936.873
Birgðir	17	465.230	467.068
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	18	1.699.272	1.402.398
Handbært fé	19	1.104.430	857.132
Veltufjármunir samtals		3.268.932	2.726.598
Eignir samtals		37.031.942	35.663.471
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000	5.000.000
Yfirverðsreikningur		9.565.330	9.565.330
Endurmatsreikningur		8.307.354	8.522.923
Ójafnað eigið fé	(	4.559.027)	(7.106.441)
Eigið fé samtals	20	18.313.657	15.981.812
Langtímaskuldir			
Skuldir til langs tíma	22	14.593.590	11.141.416
Skuldbinding vegna niðurrifs	23	528.318	516.458
Afleiðusamningar	25	723.971	920.759
Langtímaskuldir samtals		15.845.879	12.578.633
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	22	0	2.500.000
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	24	1.753.162	1.836.184
Afborganir langtímaskulda á næsta ári	22	1.119.244	2.766.842
Skammtímaskuldir samtals		2.872.406	7.103.026
Skuldir samtals		18.718.285	19.681.659
Eigið fé og skuldir samtals		37.031.942	35.663.471

Skýringar á bls. 34 til 54 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Ójafnað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Minni- hluti	Samtals eigið fé
1. janúar til 31. desember 2009							
Eigið fé 1. janúar 2009	5.000.000	9.565.330	7.177.551	(7.804.497)	13.938.384	3.342	13.941.726
Endurmat fastafjármuna			1.920.275		1.920.275		1.920.275
Tekjuskattur af endurmati ...			(345.650)		(345.650)		(345.650)
Áhrif breytingar skatthlutfalls			(133.807)	0	(133.807)		(133.807)
Hlutdeild í endurmati hlutdeildarfélags			(95.446)		(95.446)		(95.446)
Hagnaður ársins				697.394	697.394	0	697.394
Heildarhagnaður ársins			1.345.372	697.394	2.042.766	0	2.042.766
Yfirtekinn minnihluti						(3.342)	(3.342)
Eigið fé 31. desember 2009 .	5.000.000	9.565.330	8.522.923	(7.107.103)	15.981.150	0	15.981.150

1. janúar til 31. desember 2010

Eigið fé 1. janúar 2010	5.000.000	9.565.330	8.522.923	(7.107.103)	15.981.150	0	15.981.150
Áhrif breytingar skatthlutfalls			(126.753)		(126.753)		(126.753)
Hlutdeild í endurmati hlutdeildarfélags			(59.092)		(59.092)		(59.092)
Hagnaður ársins				2.518.352	2.518.352		2.518.352
Heildarhagnaður ársins			(185.845)	2.518.352	2.332.507	0	2.332.507
Endurmat leyst upp			(29.724)	29.724	0		0
Eigið fé 31. desember 2010 .	5.000.000	9.565.330	8.307.354	(4.559.027)	18.313.657	0	18.313.657

Skýringar á bls. 34 til 54 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		2.518.352	697.394
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap eigna	(488)		1.122
Breyting niðurrifsskuldbindingar	11.860	(13.831)	
Afskriftir	1.267.043		1.112.340
Áhrif hlutdeildarféлага	(801.938)	(331.175)	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(56.274)		1.804.239
Skatteign	127.174	(439.907)	
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		3.065.729	2.830.182
Birgðir, lækkun	1.838		79.381
Skammtímaþrófur, (hækkun) lækkun	(296.675)		16.567
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	(22.991)	(372.634)	
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		2.747.901	2.553.496
Innheimtar vaxtatekjur	161.451		41.699
Greidd vaxtagjöld	(842.319)	(748.553)	
Handbært fé frá rekstri		2.067.033	1.846.642
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(1.688.307)	(2.045.219)	
Fjárfesting í dótturfélögum að fráðregnu handbæru fé	0	(5.864)	
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	11.329		57.162
Sala (fjárfesting) eignarhluta í öðrum félögum	80.159	(71.120)	
Fjárfestingarhreyfingar	(1.596.819)	(2.065.041)	
Fjármögnunarhreyfingar			
Endurgreitt bankalán	(2.500.000)	(1.995.076)	
Tekin ný langtímalán	5.000.000		4.020.000
Afborganir langtímalána	(2.722.916)	(1.032.457)	
Fjármögnunarhreyfingar	(222.916)	992.467	
Hækkun á handbæru fé	247.298	774.068	
Handbært fé í ársbyrjun	857.132	83.064	
Handbært fé í lok ársins	1.104.430	857.132	

Skýringar á bls. 34 til 54 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



Nr.	Bls
1. Félagið	34
2. Grundvöllur reikningsskilanna	34
3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	34
4. Ákvörðun gangvirðis	40
5. Stýring fjármálalegrar áhættu	41
6. Starfspáttayfirlit	43
7. Aðrar tekjur	44
8. Annar rekstrarkostnaður	44
9. Laun og launatengd gjöld	44
10. Afskriftir	44
11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	45
12. Tekjuskattur	45
13. Rekstrarfjármunir	46
14. Hlutdeildarfélög	47
15. Önnur félög	47
16. Tekjuskattseign	47
17. Birgðir	48
18. Viðskipta- og aðrar skammtímakröfur	48
19. Handbært fé	48
20. Eigið fé	48
21. Hagnaður á hlut	49
22. Vaxtaberandi skuldir	49
23. Skuldbinding vegna niðurrifs	50
24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	50
25. Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningur	50
26. Fjármálagerningar	51
27. Tengdir aðilar	54
28. Fyrirtæki í samstæðunni	54





1. Félagið

RARIK ehf. er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Bíldshöfða 9 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“) og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er framleiðsla, sala og dreifing á raforku og heitu vatni til neytenda.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a) Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 1. mars 2011.

b) Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiður og vissir fjármálagerningar eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, jafnframt er hluti rekstrarfjármuna félagsins færður á endurmetnu kostnaðarverði (Fjallað er um mat á gangvirði í skýringu nr. 4).

c) Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d) Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring nr. 3d (i) - Rekstrarfjármunir (vegna endurmats virkjana)
- Skýring nr. 16 - Tekjuskattsinnæign
- Skýring nr. 23 - Skuldbindingar vegna niðurrifskostnaðar
- Skýring nr. 25 - Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningur

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum félögum í samstæðunni.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

a) Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(ii) Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félög sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarféлага samkvæmt hlutdeildaraðferð. Hlutdeildaraðferðinni er beitt frá því að veruleg áhrif nást og þar til þeim lýkur. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir þessi félög eða fjármagnað þau. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

(iii) Viðskipti felld út úr samstæðureikningum

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, staða milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélag er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

b) Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

c) Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Í skýringu 3(j) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltu- fjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald.

Fjármálagerningar eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) Afleiðusamningar

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

(iii) Hlutfé

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

Endurkaup á hlutfé

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

d) Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir, aðrir en virkjanir og dreifikerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrar-fjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna, telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímamann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma.

Virkjanir og dreifikerfi samstæðunnar eru skráðar á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkunar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé. Engar færslur eiga sér stað af sérstaka endurmatsreikningnum yfir á óráðstafað eigið fé nema þegar viðkomandi eign er seld eða niðurlögð.

(ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Virkjanir	60 ár
Veitukerfi	20-33 ár
Aðrir rekstrarfjármunir.....	5-50 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

e) *Birgðir*

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörssdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

f) *Virðisrýrnun*

(i) *Fjáreignir*

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð hennar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

g) Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

h) Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

i) Tekjur

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

j) Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af afleiðusamningum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaður eða tap vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er fært nettó.



3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

k) Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseignin er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki.

l) Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem fyrirtækið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

m) Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Afkoma allra starfspátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfspætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Viðskipti milli starfspátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfspátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta skynsamlega niður á starfspætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfspáttum eru aðallega fjárfestingar og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfspátta eru kaup á rekstrarfjármunum.

p) Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2010 og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2010, en heimilt er að taka upp fyrir. Áhrif þess á reikningsskil samstæðunnar hafa ekki verið metin að fullu en talið er að þau séu óveruleg.



4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a) Varanlegir rekstrarfjármunir

Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsvirði. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði annarra rekstrarfjármuna er byggt á markaðsverði sambærilegra eigna.

Gangvirði framleiðslukerfa sem sætt hafa sérstöku endurmati er ákvarðað út frá tekjuvirði viðkomandi eignar. Það felur í sér að lagt er mat á tekjustrauma af viðkomandi eign og þeir núvirtir. Gangvirði rekstrarfjármuna dreifiveitunnar sem einnig hafa sætt sérstöku endurmati er ákveðið í samræmi við nýtingarvirði rekstrarfjármunanna. Dreifiveitunni eru sett ákveðin tekjumörk sbr. skýringu nr. 5 hér á eftir. Ákveðið er að hagnaður fyrir fjármagnskostnað og skatta skuli reiknast sem tiltekin ávöxtun á bókfært verð þeirra rekstrarfjármuna sem nauðsynlegir eru til að reka dreifiveituna. Jafnframt er ákveðið að arðsemishlutfallið svari til markaðsvaxta. Það mat á rekstrarfjármunum sem þessir útreikningar byggjast á endurspegla því raunverulegt verðmæti þeirra þ.e nýtingarvirði þeirra og er gangverð rekstrarfjármuna dreifiveitunnar ákveðið í samræmi við það.

b) Fjárfestingar í hlutabréfum

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörssdegi.

c) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörssdags.

d) Afleiður

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef til er. Ef markaðsverð er ekki til, er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Fyrirtækið sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggja á upplýsingum frá virkum markaði.

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu óháðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspeglar þau gögn sem notuð voru.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir fyrirtækið hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.



4. Ákvörðun gangvirðis frh.

Gangvirði vaxtaskiptasamninga er byggt á verðtilboði miðlara. Þessi verðtilboð eru prófuð með tilliti til sanngirni með því að afvaxta framtíðargreiðsluflæði byggt á ákvæðum og lokadegi hvers samnings og með því að nota markaðsverti fyrir svipaða gerninga á þeim degi sem þeir eru verðmetnir.

e) Fjárskuldir sem ekki eru afleiðusamningar

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað með því að núvirða framtíðargreiðslur höfuðstóls og vaxta með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

5. Stýring fjármálalegrar áhættu

Yfirlit

Fjármálagerningum félagsins fylgir eftirfarandi áhætta:

Lánsáhætta
Lausafjárahætta
Markaðsáhætta

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjármálalega áhættu félagsins, markmið, stefnu og aðferðir við að meta og draga úr áhættunni.

Markmið félagsins er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Til að sinna því hefur stjórnin sótt ráðgjöf til utanaðkomandi ráðgjafa.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur félagsins eru á einstaklinga, fyrirtæki og stórnotendur. Dreifing viðskiptakrafna er nokkuð jöfn.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við það og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið lágt hlutfall af veltu. Innheimtudeild félagsins vinnur eftir ákveðnum reglum sem miða að því að draga úr lánsáhættu.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar á viðskiptakröfum, öðrum kröfum og fjárfestingum.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor sitt.

Félagið hefur samið um yfirdráttarheimildir hjá viðskiptabanka sínum Nýja Landsbanka Íslands hf. NBI.



5. Stýring fjármálalegrar áhættu, frh.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði þess í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Félagið býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur og eru allar tekjur þess í þeim gjaldmiðli. Hluti innkaupa er í erlendum gjaldmiðlum, aðallega í evru (EUR) og Norðurlandamyntum (NOK, DKK, SEK)

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhættu en metur reglulega myntsamsetningu skulda á móti gengisvog íslensku krónunnar.

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum eru að stærstum hluta í evrum (EUR) en einnig í svissneskum frönkum (CHF) og bandarískum dollurum (USD). Vextir af þessum lánum hafa reynst mun lægri en þeir sem bjóðast af lánum í íslenskum krónum.

Á árinu 2007 gerði félagið afleiðutengdan vaxtaskiptasamning til þriggja ára, svissneska franka (CHF) og evrur (EUR) á móti íslenskum krónum (ISK).

Vaxtaáhætta

Langtímalántökur félagsins í íslenskum krónum eru með föstum vöxtum en skammtímalán eru með breytilegum vöxtum. Lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru með breytilegum vöxtum.

Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta félagsins er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárlutfall.

Tekjumörk

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65 frá 2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi á bundið fé í dreifiveitu. Sú arðsemi er helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára. Við ákvörðun tekjumarkas er litið framhjá fjármagnsliðum. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins.



6. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

Rekstrarstarfspættir

	Orkudreifing	Orkusala	Annað	Samtals
Árið 2010				
Tekjur frá viðskiptamönnum	5.265.533	3.377.672	1.051.093	9.694.298
Innri sala	14.181	373.026	258.151	645.358
Tekjur samtals	5.279.714	3.750.698	1.309.244	10.339.656
Rekstrarafkoma starfspátta	1.241.690	716.619	(170.995)	1.787.314
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	376.888	(320.518)	(96)	56.274
Áhrif hlutdeildarfélaga				801.938
Tekjuskattur			(127.174)	
Hagnaður ársins				2.518.352
Eignir starfspátta	21.301.683	7.585.618	1.081.152	29.968.453
Óskiptar eignir				7.063.489
Eignir samtals	21.301.683	7.585.618	1.081.152	37.031.942
Óskiptar skuldir				18.718.285
Fjárfestingar	1.537.652	95.778	54.877	1.688.307
Afskriftir	1.016.921	139.588	110.534	1.267.043
Árið 2009				
Tekjur frá viðskiptamönnum	4.570.425	2.983.894	1.148.969	8.703.288
Innri sala	17.004	339.158	239.403	595.565
Tekjur samtals	4.587.429	3.323.052	1.388.372	9.298.853
Rekstrarafkoma starfspátta	927.060	655.226	148.265	1.730.551
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals			(1.804.239)	
Áhrif hlutdeildarfélaga				331.175
Tekjuskattur				439.907
Hagnaður ársins				697.394
Eignir starfspátta	20.741.998	7.629.428	1.179.649	29.551.075
Óskiptar eignir				6.112.396
Eignir samtals				35.663.471
Óskiptar skuldir				19.681.659
Fjárfestingar	1.924.712	59.747	60.717	2.045.176
Afskriftir	925.453	102.800	84.087	1.112.340

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



7. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2010	2009
Tengigjöld	229.258	295.631
Seld þjónusta	395.001	465.159
	<u>624.259</u>	<u>760.790</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2010	2009
Annar rekstrarkostnaður stoðsviða	1.060.343	863.973
Annar rekstrarkostnaður Orkusölu	542.964	394.636
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>1.603.307</u>	<u>1.258.609</u>

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2010	2009
Laun	1.367.594	1.377.072
Greitt í lífeyrissjóði vegna iðgjaldatengdra lífeyriskerfa	170.376	169.572
Önnur launatengd gjöld	225.614	192.089
Laun og launatengd gjöld greinast samtals	<u>1.763.584</u>	<u>1.738.733</u>

Laun skiptast þannig á rekstrarreikningi:

Rekstur veitukerfa	503.960	491.961
Orkuframleiðsla og sala	123.247	126.854
Annar rekstrarkostnaður	<u>1.136.377</u>	<u>1.119.918</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.763.584</u>	<u>1.738.733</u>

Ársverk	210	214
---------------	-----	-----

Laun stjórnna, forstjóra og framkvæmdastjóra voru sem hér segir í millj. kr.:

Laun stjórnna í samstæðunni	7	7
Laun forstjóra	17	17
Laun framkvæmdastjóra	69	69

10. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2010	2009
Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 14. skýringu	<u>1.232.817</u>	<u>1.112.340</u>

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

Rekstur veitukerfa	1.021.558	930.070
Orkuframleiðsla og sala	139.588	103.024
Annar rekstrarkostnaður	<u>105.897</u>	<u>79.246</u>
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>1.267.043</u>	<u>1.112.340</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

**11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2010	2009
Vaxtatekjur	161.451	41.699
Fjármunatekjur samtals	161.451	41.699
 Vaxtagjöld	(672.741)	(933.456)
Gengismunur, verðbætur	340.153	(912.446)
Fjármagnsgjöld samtals	(332.588)	(1.845.902)
 Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	227.411	(36)
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	56.274	(1.804.239)

12. Tekjuskattur

2010 2009

Frestaður tekjuskattur ársins færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Tekjuskattur ársins	(331.845)	10.723
Áhrif breytingar tekjuskattshlutfalls	225.637	398.094
Áhrif skattalegrar stöðu hlutabréfaeignar	0	0
Aðrir liðir	(20.966)	31.090
(Gjaldfærður)/tekjufærður tekjuskattur	(127.174)	439.907

Breyting tekjuskattsinnæignar greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun færð í rekstur	(352.811)	41.938
Tekjuskattur af endurmati fastafjármuna	0	(162.489)
Lækkun skatthlutfalls	98.884	0
Breyting tekjuskattseignar	(253.927)	(120.551)

Afstemming á virku skatthlutfalli

2010 2009

Hagnaður ársins	2.518.352	697.394
Tekjuskattur	127.174	(439.907)
Hagnaður án tekjuskatts	2.645.526	257.487

Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	18,0%	(476.195)	15,0%	(38.623)
Breyting á skatthlutfalli	8,5%	225.637	154,6%	398.087
Áhrif breytingar skattalegrar stöðu hlutabréfa	0,0%	0	0,0%	0
Leiðréttingar fyrra árs	(0,8%)	(20.965)	12,1%	31.090
Áhrif hlutdeildarfélags	5,5%	144.349	19,3%	49.676
Annað	0,0%	0	(0,1%)	(323)
Virkur tekjuskattur	(4,8%)	(127.174)	170,8%	439.907

Tekjuskattur færður á meðal annara tekna og gjalda færðra á eigið fé greinist þannig:

Áhrif breytingar tekjuskattshlutfalls	(126.753)	(133.807)
Tekjuskattsáhrif endurmats	0	(345.650)
Tekjuskattur færður til lækkunar á eigin fé	(126.753)	(479.457)

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



13. Rekstrarfjármunir

<i>Rekstrarfjármunir greinast þannig:</i>	Aðrir rekstrar- fjármunir			
	Virkjanir	Veitukerfi		Samtals
<i>Kostnaðarverð</i>				
Staða 1. janúar 2009	6.214.665	21.354.850	1.454.656	29.024.171
Viðbætur á tímabilinu	37.143	1.969.418	38.658	2.045.219
Endurmat, tekjuvirði	1.920.275			1.920.275
Jöfnun afskrifta vegna endurmats	(266.072)			(266.072)
Selt og aflagt	(34.558)	(517)	(24.379)	(59.454)
Staða 31. desember 2009	7.871.453	23.323.751	1.468.935	32.664.139
Staða 1. janúar 2010	7.871.453	23.323.751	1.468.935	32.664.139
Viðbætur á tímabilinu	4.015	1.631.596	52.696	1.688.307
Selt og aflagt		(9.000)	(1.840)	(10.840)
Flutt af rafveitukerfum á orkuver				0
Staða 31. desember 2010	7.875.468	24.946.347	1.519.791	34.341.606
<i>Afskriftir og virðisrýrnun</i>				
Staða 1. janúar 2009	428.525	1.615.281	217.254	2.261.060
Afskriftir ársins	102.800	925.531	84.009	1.112.340
Selt og aflagt		(566)	(652)	(1.218)
Jöfnun afskrifta vegna endurmats	(266.072)			(266.072)
Staða 31. desember 2009	265.253	2.540.246	300.611	3.106.110
Staða 1. janúar 2010	265.253	2.540.246	300.611	3.106.110
Afskriftir ársins	138.847	913.964	79.137	1.131.948
Selt og aflagt		131.485	3.610	135.095
Staða 31. desember 2010	404.100	3.585.695	383.358	4.373.153
<i>Bókfært verð</i>				
1. janúar 2009	5.786.140	19.739.569	1.237.402	26.763.111
31. desember 2009 og 1. janúar 2010	7.606.200	20.783.505	1.168.324	29.558.029
31. desember 2010	7.471.368	21.360.652	1.136.433	29.968.453
Bókfært verð án endurmats	4.831.536	16.495.499	957.636	22.284.671

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 2,4 milljarði króna (2009: 2,3 milljarði króna). Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 6,4 milljarðar króna (2009: 5,5 milljarðar króna).

Veðsetningar

Engin veðskuldabréf eru hjá samstæðunni í árslok 2010 og engar eignir veðsettar.



14. Hlutdeildarfélag

Hlutdeild samstæðunnar í hagnaði hlutdeildarfélags nam 802 millj. kr. (2009: 331 millj. kr.) og hlutdeild í endurmati fastafjármuna og tekjuskatti færðra meðal annara tekna og gjalda á eigið fé var neikvæð um 59 millj. kr. (2009: neikvæð um 95 millj. kr.)

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi er eftirfarandi:

31. desember 2009

	Eignar- hlutur	Bókfært verð	Heildar- eignir	Heildar- skuldir	Tekjur	Hagnaður
Landsnet hf.	22,51%	1.873.278	73.675.740	65.353.757	13.294.384	1.471.235

31. desember 2010

Landsnet hf.	22,51%	2.616.125	70.512.626	58.890.574	12.851.756	3.562.584
-------------------	--------	-----------	------------	------------	------------	-----------

15. Önnur félög

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2010		2009	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Sunnlensk orka ehf.	90,00%	72.000	90,00%	72.000
Héraðsvötn ehf.	50,00%	30.000	50,00%	30.000
Önnur félög		87.589		167.748
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		189.589		269.748

16. Tekjuskattseign

Í desember 2010 samþykkti Alþingi hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 20% frá og með 1. janúar 2011 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2012. Vegna þessa hefur tekjuskattseign hækkað um 96 millj. kr. miðað við 31. desember 2010.

Tekjuskattseign samstæðunnar greinist þannig:

	2010	2009
Tekjuskattseign 1. janúar	1.200.958	1.282.321
Áhrif hækkunar skattshlutfalls	98.883	264.287
Tekjuskattur af endurmati færðu á eigið fé	0	(345.650)
Tekjuskattseign 31. desember	1.299.841	1.200.958

Tekjuskattseign greinist þannig í árslok:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(239.989)	(287.013)
Viðskiptavild	33.104	33.104
Viðskiptakröfur	(6.846)	0
Skuldbinding vegna niðurrifs	105.664	92.962
Afleiðusamningar	144.794	165.737
Yfirfæranlegt tap	952.116	1.237.981
Skatteign 31. desember	988.843	1.242.771

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



16. Tekjuskattseign frh.

Yfirfæranlegt skattalegt tap

Miðað við núgildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði innan 10 ára frá því það myndast. Það er mat stjórnenda að rekstur félagsins á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og áunnið yfirfæranlegt skattalegt tap muni nýtast að fullu. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

Yfirfæranlegt tap ársins 2006, nýtanlegt til 2016	211.580	1.878.333
Yfirfæranlegt tap ársins 2007, nýtanlegt til 2017	952.017	957.408
Yfirfæranlegt tap ársins 2008, nýtanlegt til 2018	3.563.268	4.006.674
Yfirfæranlegt tap ársins 2009, nýtanlegt til 2019	33.546	35.255
Yfirfæranlegt tap ársins 2010, nýtanlegt til 2020	169	0
Yfirfæranlegt tap samtals	4.760.580	6.877.670

17. Birgðir

<i>Birgðir greinast þannig:</i>	2010	2009
Efnisbirgðir, varahlutir	465.230	467.068

18. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

<i>Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:</i>	2.010	2.009
Viðskiptakröfur	1.796.305	1.472.496
Aðrar skammtímakröfur	9.567	2.502
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(106.600)	(72.600)
	1.699.272	1.402.398

19. Handbært fé

<i>Handbært fé greinist þannig:</i>		
Óbundnar innistæður	1.104.430	857.132

20. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.000 millj. kr. í árslok og er það óbreytt frá ársbyrjun. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Yfirverðsreikningur

Yfirverðsreikningur samanstendur af innborguðu hlutfé umfram nafnverð 1 kr. á hlut.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningurinn samanstendur af endurmati virkjana og dreifikerfis til gangvirkis að teknu tilliti til skattáhrifa.

Arður

Félagið greiddi hvorki út arð á árinu 2010 né á árinu 2009. Ekki liggur fyrir tillaga til arðsúthlutunar vegna ársins 2010.

**21. Hagnaður á hlut**

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut:	2010	2009
Hagnaður til hluthafa móðurfélagsins	2.518.352	697.394
Vegið meðaltal hlutabréfa:		
Hlutir 1. janúar - 31. desember	5.000.000	5.000.000
Vegið meðaltal útistandandi hluta þann 31. desember	5.000.000	5.000.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	0,50	0,14

22. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 26.

Skuldir til langs tíma

Óveðtryggð bankalán	4.689.433	6.254.244
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa	11.023.401	7.654.014
	15.712.834	13.908.258
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(1.119.244)	(2.766.842)
	14.593.590	11.141.416

Skammtímaskuldir

Skuldir við lánastofnanir	0	2.500.000
Næsta árs afborgun langtímaskulda	1.119.244	2.766.842
	1.119.244	5.266.842

Vaxtaberandi skuldir samtals	15.712.834	16.408.258
------------------------------------	------------	------------

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Í þessari skýringu eru upplýsingar um samningsbundin ákvæði vaxtaberandi skulda samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Upplýsingar um vaxtaáhættu, gengisáhættu og lausafjáraáhættu er að finna í skýringu 26.

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	Lokagjaldd.	31.12.2010			31.12.2009	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar		Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	2017	0,6%	1.039.830		0,8%	1.172.467
Skuldir í EUR	2010-2017	1,3%	3.236.962		1,3%	4.503.894
Skuldir í USD	2010-2018	0,7%	412.641		1,0%	577.883
			4.689.433			6.254.244
Skuldir í íslenskum krónum:						
Verðtryggðar	2010-2023	4,63%	11.023.401		4,90%	7.654.014
Óverðtryggðar	2010		0		9,95%	2.500.000
			11.023.401			10.154.014
Vaxtaberandi skuldir í efnahagsreikningi samtals			15.712.834			16.408.258

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



22. Vaxtaberandi skuldir, frh.

<i>Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:</i>	31.12.2010	31.12.2009
Árið 2010	-	2.766.842
Árið 2011	1.119.244	1.214.705
Árið 2012	978.170	1.048.701
Árið 2013	983.610	1.054.003
Árið 2014	1.010.236	1.059.573
Árið 2015	995.331	1.065.425
Síðar	10.626.243	7.824.007
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	15.712.834	16.033.256

23. Skuldbinding vegna niðurrifs

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

	2010	2009
Staða 1. janúar	516.458	530.289
Gjaldfært á árinu	-9.189	(37.055)
Vextir	21.049	23.224
Staða 31. desember	528.318	516.458

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætl-aðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Mynduð er skuldbinding vegna þessa meðal langtíma-skulda. Útreikningur á fjárhæð skuldbindingarinnar byggðist á núvirðingu á áætluðum niðurrifskostnaði loftlína m.v. forsendur um hlutfall niðurrifskostnaðar af byggingu lína og um endingartíma þeirra. Engin ný loftlína var byggð á árinu 2010.

24. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2010	2009
Viðskiptaskuldir	656.893	666.193
Aðrar skammtímaskuldir	1.096.269	1.169.991
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	1.753.162	1.836.184

25. Gjaldmiðla og vaxtaskiptasamningur

Þann 27. september 2007 gerðu RARIK ohf. og Kaupping banki hf. með sér gjaldmiðla- og vaxta-skiptasamning. Samningurinn var á gjalddaga 1. september 2010. RARIK ohf. krafðist riftunar á samningnum vegna forsendubrests með bréfi frá 25. nóvember 2008. Vegna óvissu um endanlegt uppgjör er samningurinn færður samkvæmt stöðu á gjalddaga samnings að viðbættu álagi meðal skulda í efnahagsreikningi í árslok.



26. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	1.699.272	1.402.398
Handbært fé	1.104.430	857.132
	<u>2.803.702</u>	<u>2.259.530</u>

Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Almennir orkunotendur	1.477.903	973.546
Aðrar viðskiptakröfur	<u>211.802</u>	<u>426.350</u>
	<u>1.689.705</u>	<u>1.399.896</u>

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningskiladegi voru eftirfarandi:

	2010		2009	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	1.267.611		1.095.558	
Gjaldfallnar kröfur, 0- 30 daga	19.552		90.713	
Gjaldfallnar kröfur, 31-60 daga	111.901	16.800	52.496	3.630
Gjaldfallnar kröfur, 61-90 daga	125.940	31.500	34.017	10.835
Gjaldfallnar kröfur, 91-120 daga	720	2.800	21.418	9.240
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 120 daga	163.981	55.500	105.694	48.895
	<u>1.689.705</u>	<u>106.600</u>	<u>1.399.896</u>	<u>72.600</u>

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:

	2010	2009
Niðurfærsla í upphafi árs	72.600	66.000
Tapaðar kröfur	(109.738)	(45.597)
Niðurfærsla ársins	<u>143.738</u>	<u>52.197</u>
Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok árs	<u>106.600</u>	<u>72.600</u>

Lausafjársáhætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

31. desember 2010

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir 5 ár
Vaxtaberandi langtímaskuldir	15.712.834	18.151.768	1.933.077	1.545.632	3.051.485	11.621.574
Viðskiptaskuldir	656.893	656.893	656.893			
Aðrar skammtímaskuldir	1.096.269	1.096.269	1.096.269			
Yfirdráttarlán	0	0				

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



26. Fjármálagerningar frh.

Fjárskuldir sem eru afleiður:

Gjaldmiðla - og vaxtaskiptasamningar

Útstreymi	(2.189.948)	(2.189.948)	(2.189.948)	0	0	0
Innstreymi	1.496.601	1.496.601	1.496.601	0	0	0
	(693.347)	(693.347)	(693.347)	0	0	0

31. desember 2009

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi langtímaskuldir	13.908.258	17.211.291	3.062.163	1.572.929	4.074.168	8.502.031
Viðskiptaskuldir	666.193	666.193	666.193			
Aðrar skammtímaskuldir	1.169.991	1.169.991	1.169.991			
Yfirdráttarlán	2.500.000	2.500.000	2.500.000			

Fjárskuldir sem eru afleiður:

Gjaldmiðla - og vaxtaskiptasamningar

Útstreymi	(2.368.962)	(2.368.962)	(2.368.962)	0	0	0
Innstreymi	1.448.203	1.448.203	1.448.203	0	0	0
	(920.759)	(920.759)	(920.759)	0	0	0

Gjaldmiðlaáhætta

Mögulegt tap vegna gjaldmiðlagengisáhættu

Gjaldmiðlagengisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

2010	CHF	EUR	USD
Afleiður	1.225.957	963.991	
Langtímaskuldir	1.039.829	3.236.963	412.641
Áhætta í efnahagsreikningi	2.265.786	4.200.954	412.641

2009	CHF	EUR	USD
Afleiður	1.259.615	1.123.287	0
Skuldabréf	1.172.467	4.503.894	577.883
Áhætta í efnahagsreikningi	2.432.082	5.627.181	577.883

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:

	Meðalgengi 2010	2009	Árslokagengi 2010	2009
CHF	117,56	117,92	123,25	121,6
EUR	162,34	175,41	154,23	180,38
USD	122,33	123,18	115,32	125,2

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



26. Fjármálagerningar frh.

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum hefði lækkað (lækkað) afkomu ársins eftir skatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sambærilegum hætti fyrir árið 2009.

	2010	2009
CHF	103.983	117.247
EUR	323.696	450.389
USD	41.264	57.788

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

Fjármálagerningar með fasta vexti

Fjárskuldir	11.023.402	7.654.013
-------------------	------------	-----------

Fjármálagerningar með fljótandi vexti

Fjárskuldir	4.689.433	8.128.820
-------------------	-----------	-----------

Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörstegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Hækkun á vöxtum um 100 punkta á uppgjörstegi 31. desember 2010 hefði lækkað eigið fé og afkomu ársins um 25,5 m.kr (2009: 23,4 m. kr.). Ef vextir hefðu lækkað um 100 punkta hefðu áhrifin verið þau sömu í gagnstæða átt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar.



26. Fjármálagæringar frh.

Flokkar fjármálagæringa

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagæringa:

2010	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðar- verði	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Veltu- fjáreignir og -skuldir	Fjáreignir til sölu	Bókfært verð
Eignarhlutir í öðrum félögum			2.616.125			2.616.125
Viðskiptakröfur		1.689.705				1.689.705
Aðrar skammtímakröfur		9.567				9.567
Handbært fé		1.104.430				1.104.430
Samtals eignir	0	2.803.702	2.616.125	0	0	5.419.827
Vaxtaberandi skuldir	15.712.834					15.712.834
Afleiðusamningar				723.971		723.971
Viðskiptaskuldir	656.893					656.893
Aðrar skammtímaskuldir	1.107.049					1.107.049
Samtals skuldir	17.476.776	0	0	723.971	0	18.200.747
2009						
Eignarhlutir í öðrum félögum			1.873.279			1.873.279
Viðskiptakröfur		1.399.896				1.399.896
Aðrar skammtímakröfur		2.502				2.502
Handbært fé		857.132				857.132
Samtals eignir	0	2.259.530	1.873.279	0	0	4.132.809
Vaxtaberandi skuldir	16.408.258					16.408.258
Afleiðusamningar				920.759		920.759
Viðskiptaskuldir	666.193					666.193
Aðrar skammtímaskuldir	1.169.991					1.169.991
Samtals skuldir	18.244.442	0	0	920.759	0	19.165.201

27. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félag í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Félagið keypti þjónustu af hlutdeildarfélagi sínu fyrir 1.321 m.kr. á árinu 2010 (2009: 1.196 m.kr.)

Félagið seldi þjónustu til hlutdeildarfélags síns fyrir 99,3 m.kr. á árinu 2010 (2009: 68 m. kr.)

28. Fyrirtæki í samstæðunni

Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum sem eru innifalín í samstæðureikningnum greinast þannig:

	Eignarhluti	
	2010	2009
Orkusalan ehf.	100,0%	100,0%
RARIK orkuþróun ehf.	100,0%	100,0%
Ljós og gagnaleiðari ehf.	100,0%	100,0%

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

THE COMPANY

RARIK was founded in 1947. Its function and main responsibility through the years has been the electrification of most parts of Iceland, particularly the rural areas. The main task being to procure, distribute and sell electricity in its operating area and thus promote and create added value to its customers.

The Company played the principal role in the electrification of Iceland's rural areas and provided electricity via the grid system to approximately 60 population centres around Iceland. Its distribution network covers about 80-90% of inhabited areas of Iceland and serves approximately 17% of the population. RARIK not only owns a number of hydroelectric power plants but purchases electric energy from other sources as well.

In addition, RARIK owns and operates five hotwater supply companies, namely three geothermal hotwater suppliers and two district heating suppliers. The number of employees of RARIK and subsidiary at the end of 2010 was 204.

In 2006, a number of significant changes took place in the sale of electric energy following passage of a new Icelandic electric energy act. Amongst other things, these changes meant that all consumers were able to choose a supplier, and thereby competition was initiated in the field of electricity sales in Iceland.

In accordance with the new act, an independent company, Landsnet hf, began operation on the 1st of January 2005. This company was created to organize the transmission of electric power between different parts of Iceland and to its largest population centres. RARIK owns a 22.5% share in Landsnet hf.

These changes were accompanied by the establishment of an energy sales company to begin operation in 2007. The new company, Orkusalan, is 100% owned by RARIK.

In 2008 a new subsidiary was established, RARIK Energy Development Ltd (RED). The main task is energy research and development, both domestic and abroad.

On the 3rd of April 2006 the Icelandic Parliament enacted a new law dealing with the conversion of RARIK into a limited company (ohf) – just 60 years after Parliament adopted the Act on the Establishment of the State Electric Power Works. According to the new act, RARIK was incorporated in July 2006, and this limited company took over all activities of the State Electric Power Works on the 1st of August 2006.

The operations of the Company were divided at the beginning of the year 2007 into its concessioned activities, which are conducted by the parent company RARIK ohf, and its competitive business activities, which were transferred to the subsidiary Orkusalan ehf.

SOME KEY FIGURES 2010

Population of distribution area	51,604
Customers / meters	40,794
Distribution of electricity, GWh	1,006
- per capita, kWh	19.490
High Tension systems, km	8.348



RARIK 2010 FINANCIAL STATEMENTS

Operating profits from the operation of RARIK excl. financial expenses (EBIT) in 2010 were ISK 1,787m, a 3% better result than in the previous year and in tune with projections. Due to the strengthening of the króna, the year's profits were considerably higher than in 2009, something that can be traced to significant changes to financial items, which were positive by approximately ISK 56m, even though the company's interest bearing debt was ISK 15,712m at the end of 2010. The effects of exchange rate changes were positive to the tune of ISK 833m.

Operating revenues rose by approximately 11% from 2009 and were ISK 9,694m, while operating expenses rose by just over 13% and were ISK 7,907m.

Financial expenses in 2010, as previously noted, were positive by approximately ISK 56m, which can, for the most part, be attributed to the strengthening of the ISK, both as regards overseas loan agreements and derivatives as well as low interest on overseas debts. Projections for the year did not assume any changes to the exchange rate of the króna.

According to the Income Statement, profits during the year were ISK 2,518m, while operating revenues before depreciation, financial items and taxes (EBITDA) were ISK 3,054m, or 31.5% of the period's turnover. The company's EBITDA has risen by over 7.4% since 2009. Cash from operating activities amounted to ISK 2,067m.

The impact of Landsnet, RARIK's associate company, on the year's results was positive to the tune of ISK 802m.


According to the Balance Sheet, RARIK's total assets at year-end amounted to ISK 37,032m, total debts amounted to ISK 18,718m and equity amounted to ISK 18,314m. The equity ratio, therefore, was 49.5%.

The RARIK ohf. Financial Statements are prepared in accordance with International Financial Reporting Standards.

PROSPECTS

RARIK's 2011 operating prospects are solid, although the results in the coming quarters will depend on the general development of the economy, price-level developments and the exchange rate of the króna. Projections for 2011 assume that the company will return a profit. The price list for distribution was raised at the beginning of the year, and no further increases are planned in excess of general price-level changes. The company, however, has taken not full advantage of revenue authorisations provided for in electricity legislation when preparing price lists. This applies particularly to price lists for rural areas. Interest rates on overseas debts have been advantageous in recent months and are expected to remain at a comparable level for the rest of 2011.

Investments in distribution systems are expected to increase from the previous year. Investments were



postponed during the past two years in conjunction with cutbacks in the operation of the company as a result of the economic circumstances. Despite this increase, new financing is not required for the company's normal operations over the next four years.

Energy sales and distribution are expected to rise slightly in 2011, which is in tune with developments over recent years.

RARIK's 2010 Financial Statements were approved at a meeting of the Board of Directors on 1 March 2010. The Board authorised the publication of the accounts in the Iceland Stock Exchange.

KEY FIGURES

FROM OPERATIONS:

	YEAR	YEAR
	2009	2010
Operating revenues	8,703	9,694
Operating expenses	6,973	7,907
Operating profits	1,731	1,787
Financial income (fin,expenses)	(1,804)	56
Impact of associated company	331	802
Profits (loss) before taxes	257	2,646
Income tax	440	(127)
Profits (loss)	697	2,518
Total assets	35,663	37,032
Equity	15,982	18,314
Liabilities	19,682	18,718
Cash from operating activities	1,847	2,067
Interest expenses paid	749	842
EBITDA	2,843	3,054
EBITDA as % of turnover	32.7%	31.5%
Interest coverage	3.80	3.63
Equity ratio	44.8%	49.5%

SKAMMSTAFANIR OG SKÝRINGAR

kV	=	kílóvolt
kW	=	kílówatt
MW	=	megawatt = 1.000 kW
kVA	=	kílóvoltamper
MVA	=	megavoltamper = 1.000 kVA
kWh	=	kílówattstund
MWh	=	megawattstund = 1.000 kWh
GWh	=	gígawattstund = 1.000 MWh = 1.000.000 kWh
TWh	=	terawattstund = 1.000 GWh = 1.000.000.000 kWh
mkr	=	milljón krónur = 1.000.000 krónur
h	=	klukkustund
ISK	=	icelandic crowns
mkr	=	million icelandic crowns
h	=	hour
RARIK	=	Iceland State Electricity
RED	=	RARIK Energy Development (RARIK subsidiary)
Orkusalan	=	Energy sales and production (RARIK subsidiary)
hf	=	Ltd, PLC
ehf	=	Ltd
ohf	=	PLC





Útgefandi/Published by
RARIK ehf
Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík
Sími/Tel. 528 9000 • Fax 528 9009
rarik@rarik.is • www.rarik.is

Ábm.: Tryggvi Þór Haraldsson forstjóri
Umsjón og efnisöflun: Stefán Arngrímsson kynningarstjóri
Hönnun og umbrot: Stefán Arngrímsson
Prentun: Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja
Ljósmyndir:
Anders Peter (www.anderspeter.com), Emil Þór Sigurðsson,
Rósant Guðmundsson og ýmsir aðrir starfsmenn RARIK
Ljósmynd á forsiðu: Rósant Guðmundsson





RARIK

RARIK ohf • sími 528 9000 • rarik@rarik.is • www.rarik.is